Undirritað í Brussel 4. júlí 2000.

Signed in Brussels, July 4, 2000.

Fyrir hönd Lýðveldisins Íslands
Gunnar Snorri Gunnarsson

For the Republic of Iceland
Gunnar Snorri Gunnarsson

Fyrir hönd Kanada
Jean-Pierre Juneau

For Canada
Jean-Pierre Juneau

Fyrir hönd furstadæmisins Liechtenstein
von Liechtenstein

For the Principality of Liechtenstein
von Liechtenstein

Fyrir hönd konungsríkisins Noregs
Einar Bull

For the Kingdom of Norway
Einar Bull

**VIÐAUKI UM EINSTÖK SÉRSVIÐ
sem fjallar um endabúnað til fjarskipa,
upplýsingatæknibúnað og fjarskipta-
senditæki.**

1. Tilgangur.

Markmiðið með þessum viðauka er að koma á rammaskipulagi um staðfestingu prófunarskýrslna og, við lok aðlögunartímabilsins, samræmisvottorða sem eru gefin út á landsvæði Kanada annars vegar og hvers EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar í samræmi við ákvæði laga og reglna hins samningsaðilans (innflytjanda), eins og um getur í fylgiskjali 1.

Viðauki þessi er viðauki um einstök sérsvið við rammasamninginn sem fjallar um gagnkvæma viðurkenningu samræmismats milli Kanada og Lýðveldisins Íslands, furstadæmisins Liechtenstein og konungsríkisins Noregs.

2. Gildissvið og umfang.

2.1. Ákvæði þessa viðauka gilda um eftirtaldar gerðir endabúnaðar til fjarskipta, fjarskipta-senditækja og upplýsingatæknibúnaðar:

- a) tækjabúnað, sem tengja á almennu fjarskiptaneti í því skyni að senda, vinna úr eða taka við upplýsingum, hvort sem til stendur að tengja tækjabúnaðinn beint við „tengi“ netsins eða millivirki með slíku neti, þar sem tækjabúnaðurinn er tengdur tengipunktinum beint eða óbeint. Tengikerfið getur verið myndað af þræði, útvarpsbylgjum, ljósbylgjum eða verið af öðrum rafsegulfræðilegum toga;
- b) tækjabúnað, sem unnt er að tengja almennu fjarskiptaneti jafnvel þó hann sé ekki ætlaður til þess, t.d. upplýsingatæknibúnað með fjarskiptatengibúnaði;

c) þá flokka fjarskiptasenditækja sem eru skilgreindir og tilgreindir í fylgiskjali 2.

2.2. Í fylgiskjali 2 er að finna skrá um tengingar og þjónustu sem hvor samningsaðili um sig hefur með að gera.

2.3. Samningsaðilarnir eru sammála um að eftirfarandi skrá sé lýsandi en ekki tæmandi skrá um flokka fjarskiptasenditækja sem um er að ræða:

skammdrægur búnaður, þar með talinn lág-afsbúnaður á borð við þráðlausa síma/hljóðnema:

**SECTORAL ANNEX
on Telecommunications Terminal
Equipment, Information Technology
Equipment and Radio Transmitters**

1. Purpose

The purpose of this Annex is to establish a framework for the acceptance of test reports and, at the end of a transitional period, certificates of conformity issued in the territory of Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other hand, in accordance with the regulatory requirements of the other (importing) Party, as referenced in Attachment 1.

This Annex constitutes a sectoral annex to the framework Agreement on Mutual Recognition of Conformity Assessment between Canada and the Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, and the Kingdom of Norway.

2. Scope and Coverage

2.1 The provisions of this Annex shall apply to the following types of telecommunications terminal equipment, radio transmitters and information technology equipment:

- (a) equipment intended for connection to the public telecommunications network in order to send, process or receive information, whether the equipment is to be connected directly to the “termination” of the network or to interwork with such a network, being connected directly or indirectly to the termination point. The system of connection may be wire, radio, optical or other electromagnetic means;

(b) equipment capable of being connected to a public telecommunications network even if it is not its intended purpose, including information technology equipment having a communication port;

(c) those categories of radio transmitters defined and specified in Attachment 2.

2.2 A list of the interfaces and services covered by each Party is referenced in Attachment 2.

2.3 The Parties agree that the following is an illustrative but not exhaustive list of covered categories of radio transmitters:

Short range devices, including low power devices such as cordless telephones/microphones;

- færanlegur búnaður á landi, meðal annars:
- færanlegt fjarskiptatæki til einkanota (PMR/PAMR)
 - færanlegt samtalskerfi
 - boðkerfi;
- landfastur búnaður:
- hreyfanlegur gervihnattabúnaður
 - fastur gervihnattabúnaður
 - útsendingarbúnaður
 - búnaður til bylgjumælinga útsendinga.

3. Kröfur vegna samþykkis.

- 3.1. Viðauki þessi gildir um allar lögboðnar kröfur vegna samþykkis sem eru samþykktar á landsvæðum samningsaðilanna og ríkisstofnanir og/eða stofnanir, sem hafa umboð lögum samkvæmt til þess að framfylgja tæknikröfum, gera vegna tækjabúnaðarins sem um getur í fylgiskjali 2. Viðeigandi tæknikröfur eru tilgreindar samkvæmt þeirri löggjöf sem um getur í fylgiskjali 1.
- 3.2. Beita ber kröfum og samræmismati, sem er beitt gagnvart innlendum vörum, gagnvart vörum eða niðurstöðum samræmismats, sem eiga uppruna að rekja til annars samningsaðila, án þess að til komi aukalegar kröfur eða breytingar.

4. Starfsemi á sviði samræmismats.

- 4.1. Hver samningsaðili um sig staðfestir hér með að samræmismatsstofur Kanada annars vegar og samræmismatsstofur hvers EFTA-ríkjanna innan EES hins vegar, sem eru viðurkenndar samkvæmt þessum viðauka, hafa heimild til að annast eftirfarandi, með tilliti til tæknikrafna hvers um sig, vegna búnaðar til fjarskipta, upplýsingatæknibúnaðar og fjarskiptasenditækja:
- að því er varðar kröfur um tengingu endabúnaðar og fjarskiptasendingar, prófanir, útgáfu og staðfestingu prófunarskýrslna, framkvæmd nauðsynlegs tæknilegs mats og vottun þess að kröfum laga og reglna, sem gilda á landsvæðum samningsaðilanna um vörur sem fjallað er um í þessum viðauka, sé hlítt;
 - að því er varðar rafsegulsviðssamhæfi (EMC), viðurkenningu samkvæmnivottorða hvers annars, yfirlýsinga birgja og skjalasafns um tæknismiði hvers og eins, eftir gerðum kröfum. Ákvæðum er

Land mobile, including:

- Private Mobile Radio (PMR/PAMR)
 - Mobile telecom
 - Paging systems;
- Terrestrial Fixed:
- Satellite mobile
 - Satellite fixed
 - Broadcast
 - Radio determination.

3. The Approval Requirements

- 3.1 This Annex shall apply to all mandatory approval requirements, adopted within the territories of the Parties, by government organizations and/or bodies which have the legal powers to enforce a technical requirement, for the equipment referenced in Attachment 2. The relevant technical requirements are specified under the legislation referenced in Attachment 1.
- 3.2 Any requirements and conformity assessment procedures applied to domestic products shall be applied with no additional requirements or variations to products or conformity assessment results originating from another Party.

4. Conformity Assessment Activities

- 4.1 Each Party affirms that the Conformity Assessment Bodies of Canada, on the one hand, and of each of the EEA EFTA States, on the other, recognized under this Annex, are authorized to perform the following activities with regard to each other's technical requirements for telecommunications terminal equipment, radio transmitters and information technology equipment:
- for terminal attachment and radio transmission requirements – testing, issuing and acceptance of test reports, performance of required technical evaluation and certification of compliance to the requirements of the laws and regulations applicable in the territories of the Parties for products covered under this Annex;
 - for electromagnetic compatibility (EMC) – the recognition of each other's certificates of compliance, suppliers' declaration and Technical Construction File, as required. The detailed pro-

ítarlega lýst í sviðatengda viðaukanum um rafsegulsviðssamhæfi;

- að því er varðar öryggi/lágspennu, staðfestingu prófunar og vottunar þeirra vara sem um ræðir með tilliti til krafna annars samningsaðila á sviði rafmagnsöryggis. Ákvæðum er ítarlega lýst í sviðatengda viðaukanum um rafmagnsöryggi;
- að því er varðar gæðastjórnun, viðurkenningu á gæðastjórnunarvottorðum eins samningsaðila með tilliti til ákvæða laga og reglna annars samningsaðila.

4.2. Samræmisvottorð, sem samræmismatsstofur hvers samningsaðila um sig leggja fram samkvæmt ákvæðum þessa viðauka, verða viðurkennd af hálfu yfirvalda annars samningsaðila án þess að vörurnar verði metnar frekar.

5. Stofnanir.

5.1. Tilnefningaryfirvöld.

- a) Tilnefningaryfirvöld eru þau yfirvöld og stofnanir sem bera ábyrgð á tilnefningu og því að tryggja færni samræmismatsstofa til að prófa og votta tækjabúnað, sem fjallað er um í þessum viðauka, með tilliti til krafna annars samningsaðila. Tilnefningaryfirvöldin eru, að því er þennan viðauka varðar, talin upp í fylgiskjali 3. Tilnefningaryfirvöldunum er heimilt að nýta sér þjónustu faggildingarkerfis síns þegar þau inna skyldustörf sín af hendi.
- b) Hver samningsaðili um sig skal tilkynna hinum samningsaðilunum, innan tíu (10) virkra daga, um breytingar á kenni tilnefningaryfirvalda sinna og umboði þeirra til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt þessum viðauka.

5.2. Tilnefndar samræmismatsstofur.

- a) Að því er varðar þennan viðauka mun hver samningsaðili um sig tilnefna lögbæra samræmismatsstofu sem framkvæmir samræmismat með tilliti til krafna hins samningsaðilans er í hlut á. Hver samningsaðili um sig skal sjá til þess að tilnefndu stofurnar uppfylli viðmiðanir og staðla sem eru sett fram í ákvæðum laga og reglna hinna samningsaðilanna. Samningsaðilarnir skulu, þegar þeir ganga frá tilnefningum, tiltaka þær vörur og aðferðir sem viðkomandi stofa hefur verið tilnefnd vegna. Í fylgiskjali 4 er að finna skrá um tilnefndar stofur, ásamt upplýsingum um þær vörur og aðferðir sem þær hafa verið tilnefndar vegna.

visions are described in the sectoral annex on EMC;

- for electrical safety/low voltage – the acceptance of testing and certification of the covered products to the electrical safety requirements of another Party. The detailed provisions are described in the sectoral annex on electrical safety;
- for quality management – the recognition of one Party's quality management certificates in accordance with the regulatory requirements of another Party.

4.2. Certificates of conformity delivered by the designated Conformity Assessment Bodies of each Party under the provisions of this Annex will be recognized by the authorities of another Party without any further assessment of the products.

5. Institutions

5.1 Designating Authorities

- (a) Designating Authorities are those authorities and organizations responsible for designating and assuring the competence of Conformity Assessment Bodies to test and certify equipment covered by this Annex to the requirements of another Party. The Designating Authorities for the purpose of this Annex are listed in Attachment 3. The Designating Authorities may seek the services of their accreditation system in carrying out these responsibilities.
- (b) Each Party shall notify the other Parties within ten (10) working days of changes in the identity of their Designating Authorities and their authority to carry out the obligations under this Annex.

5.2 Designated Conformity Assessment Bodies

- (a) For the purpose of this Annex, each Party will designate competent Conformity Assessment Bodies to carry out conformity assessment to the requirements of the other Party concerned. Each Party shall ensure that the designated bodies comply with the criteria and standards set out in the regulatory requirements of the other Parties. In making designations, the Parties shall indicate the products and procedures for which they have been designated. A list of designated bodies, together with an indication of the products and procedures for which they have been designated, is included in Attachment 4.

- b) Viðurkenna ber að samræmismatsstofur, sem eru tilnefndar samkvæmt þessum viðauka, séu til þess bærar að framkvæma það samræmismat sem þær hafa verið tilnefndar vegna.
- c) Tilnefning, tímabundin ógilding eða afturköllun tilnefningar samræmismatsstofa, sem um getur í þessum viðauka, skal vera í samræmi við málsmeðferð sem sameiginlega nefndin, sem er komið á fót samkvæmt rammisamningnum um gagnkvæma viðurkenningu, ákveður.
- d) Sé lögð fram kæra eða komi upp aðrar aðstæður í tengslum við getu samræmismatsstofu til þess að starfa samkvæmt ákvæðum þessa viðauka ber viðkomandi tilnefningaryfirvaldi að grípa til aðgerða sem hlutaðeigandi samningsaðilar sætta sig við. Sameiginlega nefndin, sem er komið á fót samkvæmt rammisamningnum um gagnkvæma viðurkenningu, getur tekið slík úrlausnarefni til umfjöllunar, ef nauðsyn krefur, í því skyni að finna lausn á þeim.

6. Bráðabirgðatilhögun.

- 6.1. Gert er ráð fyrir 18 mánaða aðlögunartímabili áður en ákvæði þessa viðauka, þ.e. 4. liður, koma að fullu til framkvæmda.
- 6.2. Samningsaðilarnir munu nota fyrrnefnt aðlögunartímabil til þess að:
- skiptast á upplýsingum um og auka skilning á ákvæðum laga og reglna hvers og eins;
 - þróa aðferðir, til þess að skiptast á upplýsingum um breytingar á tækniröfum eða aðferðum við tilnefningu samræmismatsstofa, sem gagnkvæmt samkomulag er um;
 - fylgjast með og leggja mat á störf tilnefndra samræmismatsstofa sem eru unnin á aðlögunartímabilinu.
- 6.3. Á aðlögunartímabilinu munu samningsaðilarnir einnig viðurkenna, með gagnkvæmum hætti, prófunarskýrslur og skjöl þeim tengd sem tilnefnd samræmismatsstofa annars samningsaðila gefur út í samræmi við ákvæði þessa viðauka. Samþykkið, sem eru talin upp í fylgiskjali 5, skulu, í þessu skyni, staðfesta prófunarskýrslur og tengd skjöl og matsgerðir tilnefndra stofa á landsvæði annars samningsaðila í því augnamiði að samþykkja

- (b) Conformity Assessment Bodies designated under this Annex shall be recognized as competent to perform the conformity assessment activities for which they have been designated.
- (c) Designation, suspension or withdrawal of Conformity Assessment Bodies under this Annex shall be in conformance with procedures determined by the Joint Committee established under the Framework Mutual Recognition Agreement.
- (d) Where a complaint or any other circumstance arises concerning a Conformity Assessment Body's ability to perform under this Annex, the appropriate Designating Authority must take action to the mutual satisfaction of the Parties concerned. Where necessary, such problems may be considered by the Joint Committee established under the Framework Mutual Recognition Agreement in order to reach a solution.

6. Transitional Arrangement

- 6.1 There will be a transitional period of 18 months before the provisions of this Annex, notably Section 4, become fully operational.
- 6.2 This transitional period will be used by the Parties:
- to exchange information on and to develop better understanding of their respective regulatory requirements;
 - to develop mutually agreed mechanisms for exchanging information on changes in technical requirements or methods of designating Conformity Assessment Bodies;
 - to monitor and evaluate the work carried out by designated Conformity Assessment Bodies operating during the transitional period.
- 6.3 During the transitional period, the Parties will also reciprocally recognize test reports and related documents issued by designated Conformity Assessment Bodies of another Party in accordance with the provisions of this Annex. To this end, the approving authorities listed in Attachment 5 shall accept test reports and related documents, and evaluations from the designated bodies in the territory of another Party, for the purposes of approval, without imposing

þau án þess að gera viðbótarkröfur og skulu tryggja að:

- heilleiki tilskilinna skjala sé kannaður strax eftir viðtöku prófunarskýrslna;
- umsækjanda sé tilkynnt, á skýran og fullkominn hátt, um alla annmarka;
- beiðnir um viðbótarupplýsingar séu takmarkaðar við það sem á vantar, ósamræmi eða frávik frá tæknireglugerðum eða -stöðlum;
- málsmeðferð vegna tækjabúnaðar, sem er breytt í kjölfar ákvörðunar um að samkvæmi sé fyrir hendi, sé takmörkuð við nauðsynlega málsmeðferð til þess að skera úr um hvort um áframhaldandi samræmi sé að ræða;
- kröfum og samræmismatsaðferðum, sem er beitt gagnvart innlendum vörum, sé beitt án tilkomu aukakrafna eða frávika að því er varðar vörur eða niðurstöður prófana sem upprunnar eru hjá hinum samningsaðilanum er í hlut á.

6.4. Sérhvert samþykkisýfirvald skuldbindur sig til þess að gefa út samþykki eða veita umsækjanda ráðgjöf eigi síðar en sex (6) vikum eftir að það tekur við prófunarskýrslu og matsgerð frá tilnefndri stofu á landsvæði hins samningsaðilans er í hlut á.

6.5. Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkja innan EES um sig hins vegar mun, í lok aðlögunartímabilsins, koma á fullri og gagnkvæmri viðurkenningu samkvæmivottorða sem tilnefndar stofur hvors um sig gefa út. Framkomnar tillögur á aðlögunartímabilinu eða í lok þess, þess efnis að takmarka gildissvið viðurkenningar tilnefndrar samræmismatsstofu eða að útiloka hana frá skránni um stofur, sem eru tilnefndar samkvæmt þessum viðauka, skulu byggðar á hlutlægum viðmiðunum og skjalfestar. Stofa, sem þannig háttar til um, getur farið fram á að mál hennar verði endurskoðað eftir að nauðsynlegar úrbætur hafa verið gerðar. Samningsaðilarnir munu gera slíkar úrbætur, að því marki sem unnt er, áður en aðlögunartímabilinu lýkur.

7. Viðbótarákvæði.

Undirverktakastarfsemi.

7.1. Undirverktakastarfsemi skal vera í samræmi við ákvæði hins samningsaðilans, er í hlut á, um undirverktakastarfsemi.

additional requirements, and shall ensure that:

- on receipt of test reports, related documents and a first evaluation of conformity, the dossiers are promptly examined for completeness;
- the applicant is informed in a precise and complete manner of any deficiency;
- any request for additional information is limited to omissions, inconsistencies or variances from the technical regulations or standards;
- procedures for equipment modified subsequent to a determination of compliance, are limited to procedures necessary to determine continued conformance;
- requirements and conformity assessment procedures applied to domestic products shall be applied with no additional requirements or variations to products or test results originating from the other Party concerned.

6.4 Each approving authority commits itself to issuing approvals or advising the applicant no later than six (6) weeks from receipt of the test report and evaluation from a designated body in the territory of the other Party concerned.

6.5 At the end of the transitional period, Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, will proceed to full mutual recognition of certificates of compliance issued by their respective designated bodies. Any proposal made during or at the end of the transitional period to limit the scope of recognition of any designated Conformity Assessment Body or to exclude it from the list of bodies designated under this Annex shall be based on objective criteria and documented. Any such body may apply for reconsideration once the necessary corrective action has been taken. To the extent possible, the Parties will implement such action prior to the expiry of the transitional period.

7. Additional Provisions

Sub-contracting

7.1 Any sub-contracting shall be in accordance with the sub-contracting requirements of the other Party concerned.

7.2. Samræmismatsstofurnar skulu skrá og varðveita upplýsingar um athuganir sínar á færni undirverktaka sinna og hvort þeir hlíti settum kröfum og halda skrá um alla undirverktakastarfsemi. Fyrirnefndar upplýsingar skulu aðgengilegar öllum öðrum samningsaðilum sé eftir þeim leitað.

Eftirlit að lokinni markaðssetningu.

7.3. Samningsaðilunum er heimilt, í því skyni að halda uppi eftirliti að lokinni markaðssetningu, að viðhalda gildandi ákvæðum um merkingu og númer. Úthlutun númera getur farið fram á landsvæði samningsaðilans sem er útflytjandi. Samningsaðilinn, sem er innflytjandi, mun úthluta númerunum.

7.4. Komi fram tilkynning um misnotkun samræmismarkis eða um hættu, þar sem um ræðir samþykktu vöru sem fjallað er um í þessum viðauka, munu hlutaðeigandi samningsaðilar skera úr um það í sameiningu um hve víðtæka misnotkun er að ræða og hvers konar úrbætur ber að gera og í hvaða mæli.

Sameiginleg fjarskiptanefnd.

7.5. Sameiginlega nefndin, sem er komið á fót samkvæmt rammamningnum um gagnkvæma viðurkenningu, getur skipað sameiginlega fjarskiptanefnd sem kemur saman eftir þörfum í því skyni að fjalla um tæknileg málefni og málefni á sviði samræmismats og tækniþekkingar sem tengjast þessum viðauka.

Upplýsingaskipti og gagnkvæm aðstoð.

7.6. Hvor samningsaðili um sig skal setja á stofn tengiliði í því skyni að veita svör við öllum eðlilegum fyrirspurnum frá hinum samningsaðilanum um málsmeðferð, reglur og kærur.

7.7. Samningsaðilunum er heimilt, eins og kveðið er á um samkvæmt bráðabirgðatilhöguninni sem er sett fram í lið 6.2 hér að framan, að kosta sameiginlega tvær málstofur, aðra í Kanada og hina í Evrópu, í tengslum við sambærilegar málstofur sem Evrópubandalagið kann að kosta, þar sem fjallað er um viðeigandi kröfur á sviði tækni og samþykki vara fyrsta árið eftir að viðaukinn öðlast gildi.

7.8. Samningsaðilarnir skulu og upplýsa hvern annan um breytingar á viðeigandi reglum, forskriftum, prófunaraðferðum, stöðlum og

7.2 The Conformity Assessment Bodies shall record and retain details of their investigation of the competence and compliance of their subcontractors and maintain a register of all sub-contracting. These details will be available to any other Party on request.

Post-market Surveillance

7.3 For the purpose of post-market surveillance, the Parties may maintain any existing labelling and numbering requirements. The assignment of the numbers may take place in the territory of the exporting Party. The numbers will be allocated by the importing Party.

7.4 When a report of misuse of a mark of conformity or of a hazard involving an approved product covered under this Annex has occurred, the Parties concerned will jointly determine the scope of the misuse and the nature and degree of corrective action to be taken.

Joint Telecommunications Group

7.5 The Joint Committee established under the Framework Mutual Recognition Agreement may appoint a Joint Telecommunications Group which shall meet as required to discuss technical, conformity assessment and technology issues relating to this Annex.

Exchange of Information and Mutual Assistance

7.6 Each Party shall establish a contact point to provide answers to all reasonable inquiries from the other Party regarding procedures, regulations and complaints.

7.7 As provided in the transitional arrangements set out in Section 6.2 above, the Parties may jointly sponsor two seminars, one in Canada and one in Europe in conjunction with any such seminar as may be sponsored by the European Community, concerning the relevant technical and product approval requirements during the first year after the Annex enters into force.

7.8 The Parties shall also inform each other of changes to relevant regulations, specifications, test methods, standards and adminis-

stjórnsýslumeðferð innan þrjátíu (30) virkra daga frá því að tilkynnt er um slíkar breytingar innanlands.

trative procedures within thirty (30) working days of their domestic notification.

Breytingar á reglum og uppfærsla viðaukans.

Regulatory Changes and Updating the Annex

7.9. Samningsaðilarnir munu uppfæra þennan viðauka verði gerðar breytingar á reglunum, sem um getur í fylgiskjali 1, eða nýjar reglur settar sem hafa áhrif á samræmismat sem fer fram í landi samningsaðilans.

7.9 In the event that there are changes to the regulations referenced in Attachment 1 or that new regulations are introduced affecting conformity assessment procedures taking place in any Party, the Parties will update this Annex.

Millivísanir.

Cross-referencing

7.10. Gildi kröfur viðvirkjandi rafmagnsöryggi eða rafsegulviðssamhæfi einnig um vörur, sem þessi viðauki fjallar um, gilda og viðeigandi ákvæði starfsgreinatengdu viðauka um rafmagnsöryggi og rafsegulviðssamhæfi.

7.10 Where products covered by this Annex are subject also to Electrical Safety or EMC requirements, the relevant provisions of the sectoral annexes on Electrical Safety and EMC will also apply.

Fylgiskjal 1.
Laga- og stjórnsýslufyrirmæli.

EFTA-ríkin innan EES	Kanada
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/13/ EB (liður 4zg í XVIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn eins og hann er felldur inn með ákvörðun nr. 32/99)	Fjarskiptalög Lög um þráðlaus fjarskipti
Tilskipun ráðsins 73/23/EBE (1. liður X. kafla II. viðauka við EES-samninginn) með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun ráðsins 93/68/EBE (liður 3c í XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn eins og hann er felldur inn með ákvörðun nr. 7/94)	Ákvörðun nr. 82-14 um samtalskerfi CRTC Vottunarstaðall CS-03 Vottunaraðferð CP-01
Tilskipun ráðsins 89/336/EBE (6. liður X. kafla II. viðauka við EES-samninginn) með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipunum ráðsins 92/31/EBE (6. liður X. kafla II. viðauka við EES-samninginn, undirlið aukið við með ákvörðun nr. 7/94) og 93/68/EBE (liður 3c í XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn eins og hann er felldur inn með ákvörðun nr. 7/94)	Reglur um þráðlaus fjarskipti Málsmeðferð viðvíkjandi fjarskiptastöðlum (RSP) #100: Vottunaraðferð fyrir fjarskiptabúnað Kanadísku rafmagnslögin
Löggjöf og reglugerðir EFTA-ríkjanna innan EES um:	Skrá um endabúnað (TEL)
a) ósamhæfða hliðræna tengingu við almenna fjarskiptanetið	Skrá um fjarskiptatækjastaðla sem eru óháðir leyfum
b) ósamhæfða fjarskiptasendar (borgaraleg notkun)	Skrá um fjarskiptatækjastaðla sem eru óháðir vottorði til útsendinga Skrá um tækjastaðla í I. flokki Skrá um tækjastaðla í II. flokki

Attachment 1
Legislative, Regulatory and Administrative Provisions

EEA EFTA States	Canada
<p>Directive 98/13/EC of the European Parliament and the Council (EEA Agreement, Annex II, Chapter XVIII, point 4zg as inserted by Decision No 32/99)</p> <p>Council Directive 73/23/EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter X, Point 1) as amended by Council Directive 93/68/EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XIX, point 3c as inserted by Decision No 7/94)</p> <p>Council Directive 89/336/EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter X, Point 6), as amended by Council Directives 92/31/EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter X, Point 6 indent added by Decision No 7/94) and 93/68/EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XIX, point 3c as inserted by Decision No 7/94)</p> <p>The legislation and regulations of the EEA EFTA States in respect of:</p> <p>(a) non-harmonized analogue connection to the public switched telecommunications network;</p> <p>(b) non-harmonized radio transmitters (civilian application).</p> <p>Handbook of the implementation of 98/13/EC (ADLNB and ACTE approved).</p>	<p>Telecommunications Act</p> <p>Radiocommunication Act</p> <p>CRTC Telecom Decision No 82-14</p> <p>Certification Standard CS-03</p> <p>Certification Procedure CP-01</p> <p>Radiocommunication Regulations</p> <p>Radio Standards Procedure (RSP) #100: Radio Equipment Certification Procedure</p> <p>Canadian Electrical Code</p> <p>Terminal Equipment List (TEL)</p> <p>Radio Equipment List (REL)</p> <p>Licence Exempt Radio Apparatus Standards List</p> <p>Broadcasting Certificate Exempt Radio Apparatus Standards List</p> <p>The Category I Equipment Standards List</p> <p>The Category II Equipment Standards List</p>

Fylgiskjal 2.
Gildissvið.

EFTA-ríkin innan EES	Kanada
Samkvæmt sérheitum er um eftirtaldar tengingar og þjónusta að ræða:	Samkvæmt sérheitum er um eftirtaldar tengingar og þjónusta að ræða:
ISDN-grunnhraðatenging (BRA)	ISDN-grunntenging
ISDN-frumtenging (PRA)	ISDN-frumtenging (PRA)
ISDN-talsímakerfi	X.21-tenging
X.21/V.24/V.35-tenging	X.25-tenging
X.25-tenging	Tenging við stafræna þjónustu:
Almennt fjarskiptanet (PSTN) án tals	- 1,2 kbps
Gerðir endabúnaðar fyrir ONP-leigulínu:	- 2,4 kbps
- 64 kbits/sek	- 9,6 kbps
- 2048 kbit/s óskipulegur	- 4,8 kbps
- 2048 kbit/s skipulegur	- 19,2 kbps
- 34 Mbit/s tenging	- 56,0 kbps
- 140 Mbit/s tenging	- 64,0 kbps
2-þráða hliðrænn	- 1,544 kbps
4-þráða hliðrænn	- 45 Mbps
Hliðrænar tengingar við almennu fjarskiptanetin	2-þráða hliðrænar tengilínur/ops
	4-þráða hliðrænar tengilínur/ops
Allir samhæfðir og ósamhæfðir fjarskiptasendar, að undanskildum:	Hliðrænar tengingar við almennu fjarskiptanetin
* lækningatækjum í skilningi 1. gr. tilskipunar ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 (liður 27a í IX. kafla II. viðauka við EES-samninginn eins og hann er felldur inn með ákvörðun nr. 7/94)	Allir fjarskiptasendar sem heyra undir reglur um þráðlaus fjarskipti (sjá fylgiskjal 1), að undanskildum:
* virkum, ígræðanlegum lækningatækjum í skilningi 1. gr. tilskipunar ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 (7. liður X. kafla II. viðauka við EES-samninginn)	* lækningatækjum og virkum, ígræðanlegum lækningatækjum ásamt öllum fjarskiptasendum sem tengjast lækniþjónustu, meðal annars tækjum, þráðlausum fjarskiptaleiðum til fjarmælinga og öðrum fjarskiptabúnaði sem er aðallega notaður á sjúkrahúsum og í heilsugæsluáðstöðu
* íhluta eða aðskilinni tæknieiningu ökutækis í skilningi tilskipunar ráðsins 72/245/EBE frá 20. júní 1972 (11. liður I. kafla II. viðauka við EES-samninginn) eða tilskipunar ráðsins 92/61/EBE frá 30. júní 1992 (liður 45f í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn eins og hann er felldur inn með ákvörðun nr. 7/94)	* neistakveikjakerfum ökutækja ásamt öllum fjarskiptasendum sem tengjast neistakveikjakerfum ökutækja
* þráðlausum fjarskiptabúnaði, sem fjarskipta-áhugamenn nota, í skilningi 53. skilgreiningar í 1. gr. fjarskiptareglna Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU), nema búnaðurinn sé söluvara	* búnaði til sjóferða, meðal annars öllum fjar-

<p>gr. fjarskiptareglna Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU), nema búnaðurinn sé söluvara</p> <p>* tækjabúnaði innan gildissviðs tilskipunar 96/98/EB (tilskipunar um búnað í borð í skipum)</p> <p>* strengjum og lögnum</p> <p>* þráðlausum fjarskiptabúnaði sem er aðeins til viðtöku og einungis til þess að taka við hljóð- og sjónvarpsefni</p> <p>* vörum, tækjum og íhlutum í skilningi 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 (liður 66a í VI. kafla XIII. viðauka við EES-samninginn) um samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála</p> <p>* búnaði og kerfum fyrir flugumferðarþjónustu í skilningi 1. gr. tilskipunar ráðsins 93/65/EBE frá 19. júlí 1993 (liður 66c í VI. kafla XIII. viðauka við EES-samninginn) um skilgreiningu og notkun samhæfðra tækniforskrifta vegna kaupna á búnaði og kerfum fyrir flugumferðarþjónustu</p> <p>* tækjum sem eru einungis notuð í tengslum við starfsemi á sviði almannaöryggis, varnarmála, öryggis ríkisins (meðal annars efnahagslegrar velsældar ríkisins þegar viðkomandi starfsemi tengist málefnum á sviði öryggis ríkisins) og starfsemi ríkisins á sviði hegningarlaga</p> <p>Skilgreining fjarskiptasendis er sem hér greinir: Hvaða hátíðnibúnaður sem er eða samsetning búnaðar sem er ætluð, eða sem unnt er að nota, til sendingar eða útsendingar tákna, merkja, ritmáls, mynda, hljóðs eða upplýsinga, hvers eðlis sem er, með rafsegulbylgjum sem hafa lægri tíðni en 3 000 GHz og er varpað út í geiminn án þess að þeim sé beint af manna völdum. Ekki er fjallað um fjarskiptasenda sem nota tíðni undir 9 kHz að því er varðar þennan viðauka</p>	<p>skiptasendum í tengslum við skipaferðir, hvort sem hann er um borð í skipum eða í strandstöðvum</p> <p>* strengjum og lögnum</p> <p>* þráðlausum fjarskiptabúnaði sem er aðeins til viðtöku og einungis til þess að taka við hljóð- og sjónvarpsefni</p> <p>* tækjabúnaði fyrir flug, meðal annars öllum fjarskiptasendum í tengslum við flugþjónustu (almenna), annaðhvort búnaði um borð í loftförum eða búnaði á jörðu niðri, þ.e. til leiðsögu loftfara, flugumferðarstjórnar, vegna flugöryggis og fjarskipta fyrir flugumferðarþjónustu (þ.e. hér er ekki átt við símaþjónustu til og frá loftfari sem er viðskiptalegs eðlis)</p> <p>* tækjum sem eru einungis notuð í tengslum við starfsemi á sviði almannaöryggis, varnarmála, öryggis ríkisins (meðal annars efnahagslegrar velsældar ríkisins þegar viðkomandi starfsemi tengist málefnum á sviði öryggis ríkisins) og starfsemi ríkisins á sviði hegningarlaga</p> <p>Skilgreining fjarskiptasendis er sem hér greinir: Hvaða hátíðnibúnaður sem er eða samsetning búnaðar sem er ætluð, eða sem unnt er að nota, til sendingar eða útsendingar tákna, merkja, ritmáls, mynda, hljóðs eða upplýsinga, hvers eðlis sem er, með rafsegulbylgjum sem hafa lægri tíðni en 3 000 GHz og er varpað út í geiminn án þess að þeim sé beint af manna völdum. Ekki er fjallað um fjarskiptasenda sem nota tíðni undir 9 kHz að því er varðar þennan viðauka</p>
--	---

Attachment 2

Coverage

EEA EFTA States	Canada
<p>In specific terms, the following interfaces and services are included:</p> <p>ISDN Basic Rate Access ISDN Primary Rate Access ISDN Telephony X.21/V.24/V.35 Access X.25 Access PSTN Non-Voice ONP Leased Line Terminal types: - 64 kbits/sec - 2048 kbit/s unstructured - 2048 kbit/s structured - 34 Mbit/s access - 140 Mbit/s access 2 wire analogue 4 wire analogue</p> <p>Analogue connections to the public switched telecommunications networks</p> <p>All harmonized and non-harmonized radio transmitters, with the exception of:</p> <p>* A medical device within the meaning of Article 1 of Council Directive 93/42/EEC of 14 June 1993 (EEA Agreement, Annex II, Chapter IX, point 27a as inserted by Decision No 7/94);</p> <p>* An active implantable medical device within the meaning of Article 1 of Council Directive 90/385/EEC of 20 June 1990 (EEA Agreement, Annex II, Chapter X, point 7);</p> <p>* A component or separate technical unit of a vehicle within the meaning of Council Directive 72/245/EEC of 20 June 1972 (EEA Agreement, Annex II, Chapter I, point 11) or Council Directive 92/61/EEC of 30 June 1992 (EEA Agreement, Annex II, Chapter I, point 45f, as inserted by Decision No 7/94);</p> <p>* Radio equipment used by radio amateurs within Article 1, definition 53, of the ITU radio regulations unless the equipment is available commercially;</p>	<p>In specific terms, the following interfaces and services are included:</p> <p>ISDN Basic Access ISDN Primary Rate Access X.21 Access X.25 Access Digital Service Access - 1.2 kbps - 2.4 kbps - 9.6 kbps - 4.8 kbps - 19.2 kbps - 56.0 kbps - 64.0 kbps - 1,544 kbps - 45 Mbps 2 wire analogue tie-trunks/ops 4 wire analogue tie-trunks/ops</p> <p>Analogue connections to the public switched telecommunications networks</p> <p>All radio transmitters subject to Radiocommunication Regulations (See Appendix 1), with the exception of:</p> <p>* Medical devices and active implantable medical devices including all radio transmitters in connection with the medical service including instruments, telemetry radio links and other radio equipment primarily used in hospitals and health care facilities;</p> <p>* Spark ignition systems of vehicles including all radio transmitters in connection with the spark ignition systems of vehicles;</p> <p>* Radio equipment used by radio amateurs within Article 1, definition 53, of the ITU radio regulations unless the equipment is available commercially;</p> <p>* Maritime equipment including all radio transmitters in connection with the maritime service, either ship-borne or shore installations;</p>

<p>* Equipment within the scope of Directive 96/98/EC (The Marine Directive) (EEA Agreement, Annex II, Chapter XXXII, point 1);</p> <p>* Cable and wiring;</p> <p>* Receive only radio equipment intended to be used solely for the reception of sound and TV Broadcasting Services;</p> <p>* Products, appliances and components within the meaning of Article 2 of Council Regulation (EEC) 3922/91 of 16 December 1991 (EEA Agreement, Annex XIII, Chapter VI, point 66a, as inserted by Decision 7/94) on the harmonization of technical requirements and administrative procedures in the field of civil aviation;</p> <p>* Air-traffic-management equipment and systems within the meaning of Article 1 of Council Directive 93/65/EEC of 19 July 1993 (EEA Agreement, Annex XIII, Chapter VI, point 66c, as inserted by Decision 7/94) on the definition and use of compatible technical specifications for the procurement of air-traffic-management equipment and systems;</p> <p>* Apparatus exclusively used for activities concerning public security, defence, State security (including the economic well-being of the State when the activities relate to State security matters) and the activities of the State in areas of criminal law.</p> <p>A radio transmitter is defined as being any radio frequency device or combination of devices intended for, or capable of being used for any transmission or emission of signs, signals, writing, images, sounds or intelligence of any nature by means of electro-magnetic waves of frequencies lower than 3 000 GHz propagated in space without artificial guide. For the purpose of this Annex no radio transmitters using frequencies lower than 9 kHz are covered.</p>	<p>* Cable and wiring;</p> <p>* Receive-only radio equipment intended to be used solely for the reception of sound and TV Broadcasting Services;</p> <p>* Aeronautical equipment including all radio transmitters in connection with the aeronautical (civil) service either air-borne or terrestrial installations, for the purpose of aircraft navigation, air traffic control, air safety and radio communication for the air traffic service (i.e. this does not include commercial telephone service to and from aircraft);</p> <p>* Apparatus exclusively used for activities concerning public security, defence, State security (including the economic well-being of the State when the activities relate to State security matters) and the activities of the State in areas of criminal law.</p> <p>A radio transmitter is defined as being any radio frequency device or combination of devices intended for, or capable of being used for any transmission or emission of signs, signals, writing, images, sounds or intelligence of any nature by means of electro-magnetic waves of frequencies lower than 3 000 GHz propagated in space without artificial guide. For the purpose of this Annex no radio transmitters using frequencies lower than 9 kHz are covered.</p>
--	---

Fylgiskjal 3.
Tilnefningaryfirvöld.

EFTA-ríkin innan EES	Kanada
Ísland: Samgönguráðuneytið Liechtenstein: Ríkisstjórn Liechtenstein ¹ Noregur: Ráðuneyti samgöngu- og fjarskiptamála	Iðnaðarráðuneyti Kanada vegna tengingar endabúnaðar, fjarskiptasenda og rafsegulsviðssamhæfis (Industry Canada for terminal attachment, radio transmitters and EMC) Staðlaráð Kanada fyrir rafmagnsöryggi (Standards Council of Canada for electrical safety) Staðlaráð Kanada fyrir skráningaryfirvöld gæðastjórnunarkerfa (Council of Canada for quality management systems registrars)

¹ Ríkisstjórn furstadæmisins Liechtenstein ber réttur til þess að útnefna viðeigandi sérstakar innlendir stjórnslu- stofnanir til þess að tilnefna samræmismatsstofur síðar meir.

Attachment 3
Designation Authorities

EEA EFTA States	Canada
Iceland Ministry of Transportation	Industry Canada for terminal attachment, radio transmitters and EMC
Liechtenstein Government of Liechtenstein ¹	Standards Council of Canada for electrical safety
Norway Ministry of Transport and Communications	Standards Council of Canada for quality management systems registrars

¹ The Government of the Principality of Liechtenstein is entitled to appoint appropriate specific national administration bodies as designators of conformity assessment bodies at a future date.

Fylgiskjal 4.
Tilnefndar samræmismatsstofur.

(Hér skal gefa til kynna nafn, heimilisfang, síma- og bréfasímanúmer, tengilið, vörur, staðla og samræmismatsaðferðir sem tilnefning gildir um með vísan til lagaákvæða hins samningsaðilans eða -aðilanna).

Attachement 4
Designated Conformity Assessment Bodies

(This should give name, address, telephone and fax no., contact point, products, standards and conformity assessment procedures for which designation has been made, by reference to the legislative requirements of the other Party or Parties.)

**Fylgiskjal 5.
Samþykkisyfirvöld.**

EFTA-ríkin innan EES	Kanada
Ísland: Póst- og fjarskiptastofnun	Iðnaðarráðuneyti Kanada (Industry Canada)
Liechtenstein: Efnahagsstofnun Liechtenstein (Office of National Economy)	
Noregur: Póst- og fjarskiptastofnun (Norwegian Post and Telecommunications Authority)	

**Attachment 5
Approval Authorities**

EEA EFTA States	Canada
Iceland: Post and Telecom Administration	Industry Canada
Liechtenstein: Office of National Economy	
Norway: Norwegian Post and Telecommunications Authority	

Viðbætur 1.

Skrá um staðla fyrir fjarskiptasenda sem fjarskiptareglugerðir gilda um.

Staðlar fyrir tækjabúnað sem veldur truflunum.

Lýsing	Titill	Útgáfa	Dagsetning
ICES 001	Hátíðnivakar í iðnaði, vísindum og lækn-ingum	3	7. mars 1998
ICES 003	Stafræn tæki	3	22. nóvember 1997
ICES 004	Háspennuriðstraumsorkukerfi	2	23. janúar 1999

Lýsing fjarskiptastaðla.

Lýsing	Titill	Útgáfa	Dagsetning
RSS (fjarskipta- staðlalýsing) 118	Landstöðvar og endabúnaður áskrifenda: radd-, gagna- og tónmótuð, farsímasendar og -móttökubúnaður sem virkar á hólf- skiptu farsímabandvídunum 824-849 MHz og 869-894 MHz	2 1. aths.	19. ágúst 1990
Viðbót við 118		1	1. september 1990
Viðauki A við 118	Hólfskipt farstöð - samþýðanleikastaðall fyrir landstöð		22. október 1983
Viðskeyti 1993-1	Viðskeyti 1993-1 við fjarskiptastaðlalýs- ingar (RSS) nr. 118		12. júní 1993
RSS 118 breytt	Breyting nr. 2 á RSS-118		24. ágúst 1996
RSS 119	Hreyfanlegir og fastir fjarskiptasendar og -móttökubúnaður á landi, 27,41-960 MHz	5	24. ágúst 1996
RSS 123	Lágafllfjarskiptabúnaður háður leyfi	1 til bráðabirgða	24. febrúar 1996
RSS 125	Hreyfanlegir og fastir fjarskiptasendar og -móttökubúnaður á landi, 1,705 til 50,0 MHz, aðallega mótaðir með tilliti til sveifluviddar	2	24. ágúst 1996
RSS 128	800 MHz tveggja háttá hólfskiptir símar	1 til bráðabirgða	12. júní 1993
RSS 128 breytt	Breytingar á RSS-128		24. ágúst 1996
RSS 129	800 MHz tveggja háttá CDMA, hólfskiptir símar	1 til bráðabirgða	24. febrúar 1996
RSS 129 breytt	Breytingar á RSS-129		24. ágúst 1996
RSS 130	Stafrænir, þráðlausir símar á bandvídinni 944 til 948,5 MHz	2	23. janúar 1993
1. viðauki við RSS 130	CT2Plús 2. flokkur: lýsing fyrir kanadískar almennar og þráðlausar tengingar fyrir stafræna, þráðlausa símaþjónustu, m.a. þjónustu á sviði almenns aðgangs	2	23. janúar 1993
1. fylgiskjal við RSS 130	Bráðabirgðastaðall Fjarskiptastaðlastofn- unar Evrópu /I-ETS 300 131		Apríl 1992
RSS 131	Fjarskiptamerkjæflar fyrir farsímaþjónustu	1 til bráðabirgða	24. febrúar 1996
RSS 133	2 GHz einkafjarskiptaþjónusta	1 til bráðabirgða	29. nóvember 1997

RSS 134	900 MHz þröngbandseinkafjarskiptaþjónusta	1 til bráðabirgða	24. ágúst 1996
RSS 135	Stafrænn skannamóttökubúnaður	1 til bráðabirgða	26. október 1996
RSS 136	Farsímasendar og -móttökubúnaður fyrir land- og farstöðvar sem virkar á 26,960-27,410 MHz bandviddinni fyrir almenna fjarskiptaþjónustu	5	1. janúar 1977
RSS 137	Staðsetningar- og eftirlitsþjónusta (902-928 MHz)	1 til bráðabirgða	29. nóvember 1997
RSS 210	Lágafllsfjarskiptabúnaður óháður leyfi	2	24. febrúar 1996

Viðbótarlýsingar fyrir fjarskiptastaðla er að finna í þeim hluta atriðaskrárinnar sem fjallar um útsendingareglugerðir.

Tæknistaðlar fyrir útsendingartæki.

Lýsing	Titill	Útgáfa	Dagsetning
BETS-1	Tæknistaðlar og -kröfur fyrir lágafllstilkynningasenda á tíðnisviðunum 525-1,705 kHz og 88-107,5 MHz	1	1. nóvember 1996
BETS-3	Tæknistaðlar og -kröfur fyrir fjarskiptatæki sem mynda hluta af útvarpsfyrirtæki á sviði stofnloftnetssjónvarps (MATV)	1	1. nóvember 1996
BETS-4	Tæknistaðlar og -kröfur fyrir sjónvarps-senda	1	1. nóvember 1996
BETS-5	Tæknistaðlar og -kröfur fyrir AM-útvarps-senda	1	1. nóvember 1996
BETS-6	Tæknistaðlar og -kröfur fyrir FM-útvarps-senda	1	1. nóvember 1996
BETS-8	Tæknistaðlar og -kröfur fyrir FM-senda sem eru starfræktir í litlum afskekktum samfélögum	1	1. nóvember 1996
BETS-9	Tæknistaðlar og -kröfur fyrir sjónvarps-senda sem eru starfræktir í litlum afskekktum samfélögum	1	1. nóvember 1996
BETS-10	Tæknistaðlar og -kröfur fyrir sjónvarps-senda á bandviddinni 2,596-2,686 MHz	1	1. nóvember 1996
BETS-11	Tæknikröfur sem varða greiningu útvarpsstöðva	1	1. nóvember 1996

Lýsingar og staðlar fyrir útsendingar.

Lýsing	Titill	Útgáfa	Dagsetning
BTS 1-1	Staðall fyrir útvarpssendingar: víðóma AM-útsendingar	1 til bráðabirgða	6. febrúar 1988
BTS 1-2	Staðall fyrir útvarpssendingar: sendingarmörk útvarpstíðni (RF) í tengslum við AM-útsendingar	1 til bráðabirgða	Nóvember 1989
BTS 3	Staðall fyrir útvarpssendingar: sjónvarpsútsendingar	2	Desember 1997
BS 14	Lýsing útsendingar: skjátexti í tengslum við sjónvarpsútsendingar	1 til bráðabirgða	19. júní 1981

Appendix 1**Radio Transmitters Standards List under Radiocommunication Regulations****Interference-causing Equipment Standards**

Specification	Title	Issue	Date
ICES 001	Industrial, Scientific and Medical Radio Frequency Generators	3	March 7, 1998
ICES 003	Digital Apparatus	3	November 22, 1997
ICES 004	Alternating Current High Voltage Power Systems	2	January 23, 1999

Radio Standards Specifications

Specification	Title	Issue	Date
RSS 118	Land and Subscriber Stations: Voice, Data and Tone Modulated, Angle Modulation Radiotelephone Transmitters and Receivers Operating in the Cellular Mobile Bands 824 - 849 MHz and 869 - 894 MHz	2 Note 1	Aug. 19, 1990
Addendum to 118		1	Sept. 1, 1990
Annex A to 118	Cellular System Mobile Station - Land Station Compatibility Standard		Oct. 22, 1983
Supplement 1993-1	Supplement 1993-1 To Radio Standards Specifications (RSSs) Nos. 118		June 12, 1993
RSS 118 mod	Amendment No. 2 to RSS-118		Aug. 24, 1996
RSS 119	Land Mobile And Fixed Radio Transmitters and Receivers, 27.41 - 960 MHz	5	Aug. 24, 1996
RSS 123	Low Power Licensed Radiocommunication Devices	1 Provisional	Feb. 24, 1996
RSS 125	Land Mobile And Fixed Radio Transmitters and Receivers, 1.705 to 50.0 MHz, Primarily Amplitude Modulated	2	Aug. 24, 1996
RSS 128	800 MHz Dual-Mode Cellular Telephones	1 Provisional	June 12, 1993
RSS 128 mod	Amendments to RSS-128		Aug. 24, 1996
RSS 129	800 MHz Dual-Mode CDMA Cellular Telephones	1 Provisional	Feb. 24, 1996

RSS 129 mod	Amendments to RSS-129		Aug. 24, 1996
RSS 130	Digital Cordless Telephones in the Band 944 to 948.5 MHz	2	Jan. 23, 1993
Annex 1 to RSS 130	CT2Plus Class 2: Specification for the Canadian Common Air Interface for Digital Cordless Telephony, Including Public Access Services	2	Jan. 23, 1993
Attachment 1 to RSS 130	European Telecommunications Standards Institute Interim Standard /I-ETS 300 131		April 1992
RSS 131	Radio Signal Enhancers for the Mobile Telephone Service	1 Provisional	Feb. 24, 1996
RSS 133	2 GHz Personal Communications Services	1 Provisional	Nov. 29, 1997
RSS 134	900 MHz Narrowband Personal Communications Service	1 Provisional	Aug. 24, 1996
RSS 135	Digital Scanner Receivers	1 Provisional	Oct. 26, 1996
RSS 136	Land and Mobile Station Radiotelephone Transmitters and Receivers Operating in the 26.960 - 27.410 MHz General Radio Service Band	5	Jan. 1, 1977
RSS 137	Location and Monitoring Services (902-928 MHz)	1 Provisional	Nov. 29, 1997
RSS 210	Low Power Licence-Exempt Radiocommunication Devices	2	Feb. 24, 1996

Additional radio standards specifications may be found in the broadcasting regulatory section of the index.

Broadcast Equipment Technical Standards

Specification	Title	Issue	Date
BETS-1	Technical Standards and Requirements for Low Power Announce Transmitters in the Frequency Bands 525-1,705 kHz and 88-107.5 MHz	1	Nov. 1, 1996
BETS-3	Technical Standards and Requirements for Radio Apparatus that Form Part of a Master Antenna Television (MATV) Broadcasting Undertaking	1	Nov. 1, 1996
BETS-4	Technical Standards and Requirements for Television Broadcasting Transmitters	1	Nov. 1, 1996
BETS-5	Technical Standards and Requirements for AM Broadcasting Transmitters	1	Nov. 1, 1996
BETS-6	Technical Standards and Requirements for FM Broadcasting Transmitters	1	Nov. 1, 1996
BETS-8	Technical Standards and Requirements for FM Transmitters Operating in Small Remote Communities	1	Nov. 1, 1996
BETS-9	Technical Standards and Requirements for Television Transmitters Operating in small Remote Communities	1	Nov. 1, 1996
BETS-10	Technical Standards and Requirements for Television Transmitters in the 2,596-2,686 MHz Band	1	Nov. 1, 1996
BETS-11	Technical Requirements Respecting the Identifications of Broadcasting Stations	1	Nov. 1, 1996

Broadcast Specifications and Standards

Specification	Title	Issue	Date
BTS 1-1	Broadcast Transmission Standard AM Broadcasting Stereophonic Operation	1 Provisional	Feb. 6, 1988
BTS 1-2	Broadcast Transmission Standard: AM Broadcasting RF Emission Limits	1 Provisional	Nov. 1989
BTS 3	Broadcasting Transmission Standard: Television Broadcasting	2	Dec. 1997
BS 14	Broadcast Specification: Television Broadcast Videotext	1 Provisional	June 19, 1981

**VIÐAUKI UM EINSTÖK SÉRSVIÐ
sem fjallar um rafsegulviðssamhæfi.**

1. Gildissvið og umfang.

1.1. Ákvæði þessa viðauka gilda um eftirfarandi:

rafsegulviðssamhæfi tækjabúnaðar samanber skilgreiningu í tilskipun ráðs EB 89/336/EEB frá 3. maí 1989 (6. liður X. kafla II. viðauka við EES-samninginn) um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafsegulviðssamhæfi með áorðnum breytingum,

rafsegulviðssamhæfi tækjabúnaðar sem kveðið er á um í liðum kanadísku laganna um þráðlaus fjarskipti.

2. Kröfur.

2.1. Viðeigandi tæknikröfur eru tilgreindar undir þeirri löggjöf og reglugerðum sem um getur í fylgiskjali 1.

2.2. Kröfum og samræmismati, sem einn samningsaðili beitir gagnvart innlendum vörum, skal beitt gagnvart vörum eða niðurstöðum samræmismats, sem eiga uppruna að rekja til hins samningsaðilans er í hlut á, án þess að til komi aukalegar kröfur eða breytingar.

3. Starfsemi á sviði samræmismats.

3.1. Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar samþykkir að viðurkenna allar skýrslur, vottorð og skjalasöfn um tæknismiði frá hinum samningsaðilanum eða -aðilunum, sem krafa er gerð um samkvæmt löggjöf hvers um sig, án þess að vörurnar séu metnar frekar.

**SECTORAL ANNEX
on Electro-magnetic Compatibility (EMC)**

1. Scope and Coverage

1.1 The provisions of this Annex shall apply to the following:

Electromagnetic compatibility of equipment as defined in EC Council Directive 89/336/EEC of May 3, 1989 (EEA Agreement, Annex II, Chapter X, point 6) on the approximation of the laws of the Member States relating to electromagnetic compatibility and amendments thereto,

Electromagnetic compatibility of equipment regulated under Sections of the Canadian Radio-communication Act.

2. The Requirements

2.1 The relevant technical requirements are specified under the legislation and regulations referenced in Attachment 1.

2.2 Any requirements and conformity assessment procedures applied by one Party to its domestic products shall be applied with no additional requirements or variations to products or conformity assessment results originating from the other Party concerned.

3. Conformity Assessment Activities

3.1 Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, agree to recognize all of the other Party or Parties' reports, certificates, and Technical Construction Files, as required, under their respective legislation without any further assessment of the products.

3.2. Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar samþykkir að viðurkenna yfirlýsingar birgja hvers annars um hvort settum kröfum sé hlítt eins og lög hvers og eins krefjast.

4. Stofnanir.

4.1. Tilnefningaryfirvöld.

- a) Tilnefningaryfirvöldin eru, að því er þennan viðauka varðar, talin upp í fylgiskjali 2.
- b) Hver samningsaðili um sig skal tilkynna hinum samningsaðilanum eða -aðilunum, innan tíu (10) virkra daga, um breytingar á kenni tilnefningaryfirvalda sinna og umboði þeirra til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt þessum viðauka.

4.2. Tilnefndar samræmismatsstofur.

- a) Viðurkenna ber að samræmismatsstofur, sem eru tilnefndar samkvæmt þessum viðauka, séu til þess bærar að framkvæma samræmismat vegna rafsegulviðssamhæfis. Hver samningsaðili um sig skal sjá til þess að tilnefndu stofurnar uppfylli viðmiðanir og staðla sem eru sett fram í ákvæðum laga og reglna hinna samningsaðilanna. Í fylgiskjali 3 er að finna skrá um tilnefndar stofur.
- b) Tilnefning, tímabundin ógilding eða afturköllun tilnefningar samræmismatsstofa, sem um getur í þessum viðauka, skal vera í samræmi við málsmeðferð sem sameiginlega nefndin, sem er komið á fót samkvæmt rammisamningnum um gagnkvæma viðurkenningu, ákveður.

5. Bráðabirgðatilhögun.

- 5.1. Ákvæði þessa viðauka um gagnkvæma viðurkenningu, þ.e. 3. liður, taka gildi 18 mánuðum eftir að þessi viðauki öðlast gildi.
- 5.2. Á tímabilinu frá því að samningurinn er undirritaður fram til þess að hann tekur gildi munu Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar vinna að því í sameiningu:
 - 1) að auka þekkingu sína á ákvæðum laga og reglna hinna samningsaðilanna;
 - 2) að skiptast á upplýsingum og yfirfara vinnu tilnefndra samræmismatsstofa; og
 - 3) að sýna fram á getu sína til þess að framkvæma samræmismat með tilliti til krafna hins samningsaðilans, er í hlut á, með þeim hætti að hvor um sig telji viðunandi.

3.2 Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, agree to recognize each others' suppliers declarations of compliance, as required under their respective legislation.

4. Institutions

4.1 Designating Authorities

- (a) The designating authorities for the purpose of this Annex are listed in Attachment 2.
- (b) Each Party shall notify the other Party or Parties within ten (10) working days of changes in the identity of their Designating Authorities and their authority to carry out the obligations under this Annex.

4.2 Designated Conformity Assessment Bodies

- (a) Conformity Assessment Bodies designated under this Annex shall be recognized as competent to perform the conformity assessment activities for EMC. Each Party shall ensure that the designated bodies comply with the criteria and standards set out in the regulatory requirements of the other Parties. A list of designated bodies is included in Attachment 3.
- (b) Designation, suspension or withdrawal of Conformity Assessment Bodies under this Annex shall be in conformance with procedures determined by the Joint Committee established under the Framework Mutual Recognition Agreement.

5. Transitional Arrangement

- 5.1 The mutual recognition provisions of this Annex, notably Section 3, will take effect 18 months following the entry into force of this Annex.
- 5.2 During the period between the signing of the Agreement and its coming into effect, Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, will work together to:
 - 1) enhance their respective familiarity with each others' regulatory requirements;
 - 2) exchange information and review the work carried out by designated conformity assessment bodies; and
 - 3) demonstrate to each others' satisfaction their capability to carry out conformity assessment to the requirements of the other Party concerned.

6. Viðbótarákvæði.*Undirverktakastarfsemi.*

- 6.1. Undirverktakastarfsemi á sviði samræmismats skal vera í samræmi við ákvæði hins samningsaðilans eða -aðilanna, er í hlut á eða eiga, um undirverktakastarfsemi.
- 6.2. Samræmismatsstofnarnar skulu skrá og varðveita upplýsingar um athuganir sínar á færni undirverktaka sinna og því hvort þeir hlfti settum kröfum og halda skrá um alla undirverktakastarfsemi. Fyrirnefndar upplýsingar skulu aðgengilegar hinum samningsaðilunum eða -aðilunum án tafar sé eftir þeim leitað.

Eftirlit að lokinni markaðssetningu.

- 6.3. Samningsaðilunum er heimilt, í því skyni að halda uppi eftirliti að lokinni markaðssetningu, að setja ákvæði um merkingu, númer eða auðkenningu. Úthlutun númera eða áfesting merkja eða auðkenna getur farið fram á landsvæði samningsaðilans sem er útflytjandi.

Upplýsingaskipti og gagnkvæm aðstoð.

- 6.4. Hver samningsaðili um sig skal setja á stofn tengiliði í því skyni að veita svör við öllum eðlilegum fyrirspurnum frá öðrum samningsaðila um málsmeðferð, reglur og kærur.
- 6.5. Samningsaðilarnir skulu og upplýsa hvern annan um breytingar á viðeigandi reglum, forskriftum, prófunaraðferðum, stöðlum og stjórnsýslumeðferð innan þrjátíu (30) virkra daga frá því að tilkynnt er um slíkar breytingar innanlands.

Breytingar á reglum og uppfærsla viðaukans.

- 6.6. Samningsaðilarnir munu uppfæra þennan viðauka verði gerðar breytingar á tæknireglunum og samræmismatinu, sem um getur í fylgiskjali 1, eða verði nýjar reglur settar innan lögsögu samningsaðila.

Millivísanir.

- 6.7. Þegar kröfur viðvíkjandi rafmagnsöryggi eða tengikröfur á sviði útvarps eða fjarskipta gilda einnig um vörur, sem þessi viðauki fjallar um, gilda einnig viðeigandi ákvæði starfsgreinatengdu viðaukanna um rafmagnsöryggi, fjarskiptaendabúnað, upplýsingatæknibúnað og fjarskiptasenda.

6. Additional Provisions*Sub-contracting*

- 6.1 Any sub-contracting of conformity assessment shall be in accordance with the sub-contracting requirements of the other Party or Parties concerned.
- 6.2 The Conformity Assessment Bodies shall record and retain details of their investigation into the competence and compliance of their subcontractors and maintain a register of all sub-contracting. These details will be available promptly to the other Party or Parties concerned on request.

Post-market Surveillance

- 6.3 For the purpose of post-market surveillance, the Parties may establish labelling, numbering or marking requirements. The assignment of numbers or affixing of labels or marks may take place in the territory of the exporting Party.

Exchange of Information and Mutual Assistance

- 6.4 Each Party shall establish a contact point to provide answers to all reasonable inquiries from another Party regarding procedures, regulations and complaints.
- 6.5 The Parties shall also inform each other of changes to relevant regulations, specifications, test methods, standards and administrative procedures within thirty (30) working days of their domestic notification.

Regulatory Changes and Updating the Annex

- 6.6 In the event that there are changes to the technical regulations and conformity assessment procedures referenced in Attachment 1 or in the event of the introduction of new regulations in the jurisdiction of any Party, the Parties will update this Annex.

Cross Referencing

- 6.7 Where products covered by this Annex are subject also to electrical safety or radio or telecommunication attachment requirements, the relevant provisions of the sectoral Annexes on electrical safety, telecommunication terminal equipment, information technology equipment and radio transmitters would also apply.

Fylgiskjal 1.
Laga- og stjórnsýslufyrirmæli.

EFTA-ríkin innan EES	Kanada
<p>Tilskipun ráðsins 89/336/EBE (6. liður X. kafla II. viðauka við EES-samninginn) með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun ráðsins 92/31/EBE (6. liður X. kafla II. viðauka við EES-samninginn, undirlið aukið við með ákvörðun nr. 7/94) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/13/EB (liður 4zg í XVIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn eins og hann er felldur inn með ákvörðun nr. 32/99)</p> <p>Löggjöf og reglugerðir EFTA-ríkjanna innan EES um rafsegulviðssamhæfi með tilliti til ósamhæfðra fjarskiptasenda (borgaraleg notkun)</p>	<p>Lög um þráðlaus fjarskipti</p> <p>Reglur um þráðlaus fjarskipti (sjá 1. viðbæti)</p> <p>Skrá um tækjastaðla í II. flokki</p>

Attachment 1
Legislative, Regulatory and Administrative Provisions

EEA EFTA States	Canada
<p>Council Directive 89/336/EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter X, point 6), as amended by Council Directive 92/31/EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter X, point 6, indent added by Decision No 7/94), and Directive 98/13/EC of the European Parliament and of the Council (EEA Agreement, Annex II, Chapter XVIII, point 4zg as inserted by Decision No 32/99)</p> <p>The legislation and regulations of the EEA EFTA States in respect of EMC for non-harmonized radio transmitters (civilian application).</p>	<p>Radiocommunication Act</p> <p>Radiocommunication Regulations (see Appendix 1)</p> <p>The Category II Equipment Standards List</p>

**Fylgiskjal 2.
Tilnefningaryfirvöld.**

Tilnefningaryfirvald er, að því er varðar Kanada:

Iðnaðarráðuneyti Kanada (Industry Canada).

Tilnefningaryfirvöld, að því er varðar EFTA-ríkin innan EES, eru sem hér greinir:

Ísland: Samgönguráðuneytið

Liechtenstein: Ríkisstjórn Liechtenstein²

Noregur: Stjórnarskrifstofa fyrir vörur og rafmagnsöryggi (Directorate for Product and Electrical Safety)
P.O. Box 8116
N-0032 OSLO

Noregur: Fjarskiptastofnun Noregs (Norwegian Telecommunications Authority (STF))
P.O. Box 447
Sentrum
N-0104 OSLO

**Attachment 2
Designating Authorities**

The Designating Authority for Canada is:

Industry Canada.

The Designating Authorities for the EEA EFTA States are as follows:

Iceland: Ministry of Transport

Liechtenstein: Government of Liechtenstein²

Norway: Directorate for Product and Electrical Safety
P.O. Box 8116
N-0032 OSLO

Norway: Norwegian Telecommunications Authority (STF)
P.O. Box 447
Sentrum
N-0104 OSLO

**Fylgiskjal 3.
Tilnefndar samræmismatsstofur.**

(Hér skal gefa til kynna nafn, heimilisfang, síma- og bréfasímanúmer, tengilið, vörur, staðla og samræmismatsaðferðir sem tilnefning gildir um með vísan til lagaákvæða hins sammingsaðilans eða -aðilanna).

**Attachment 3
Designated Conformity Assessment Bodies**

(This should give the name, address, telephone and fax no., contact point, products, standards and conformity assessment procedures for which designation has been made, by reference to the legislative requirements of the other Party or Parties.)

² Ríkisstjórn furstadæmisins Liechtenstein ber réttur til þess að útnefna viðeigandi sérstakar innlendar stjórnsýslustofnanir til þess að tilnefna samræmismatsstofur síðar meir.

² The Government of the Principality of Liechtenstein is entitled to appoint appropriate specific national administration bodies as designators of conformity assessment bodies at a future date.

Viðbætur 1.
Staðlar fyrir tækjabúnað sem veldur truflunum.

Lýsing	Titill	Útgáfa	Dagsetning
ICES 001	Hátíðnivakar í iðnaði, vísindum og lækningum	3	7. mars 1998
ICES 003	Stafræn tæki	3	22. nóvember 1997
ICES 004	Háspennuriðstraumsorkukerfi	2	23. janúar 1999

Appendix 1
Interference-causing Equipment Standards

Specification	Title	Issue	Date
ICES 001	Industrial, Scientific and Medical Radio Frequency Generators	3	March 7, 1998
ICES 003	Digital Apparatus	3	November 22, 1997
ICES 004	Alternating Current High Voltage Power Systems	2	January 23, 1999

VIÐAUKI UM EINSTÖK SÉRSVIÐ
sem fjallar um rafmagnsöryggi.

1. Tilgangur.

- 1.1. Markmiðið með þessum viðauka er að koma á rammaskipulagi fullgildingar rafmagnsvara með viðurkenningu samræmismats sem stofnanir, sem uppfylla kröfur annars samningsaðila, framkvæma, jafnframt því að heildstæði öryggisfyrirkomulags hjá hverjum samningsaðila um sig er við haldið.
- 1.2. Í viðauka þessum eru og settar fram verklagsreglur um viðurkenningu:
 - a) EFTA-ríkjanna innan EES á samræmismatsstofum í Kanada; og
 - b) Kanada á samræmismatsstofum í EFTA-ríkjunum innan EES.

2. Gildissvið og umfang.

- 2.1. Vegna aðgangs í EFTA-ríkjunum innan EES: Öryggi raffanga sem falla undir gildissvið lágspennutílskipunarinnar (tílskipunar ráðsins 73/23/EEB frá 19. febrúar 1973 (1. liður X. kafla II. viðauka við EES-samninginn) með áorðnum breytingum samkvæmt tílskipun 93/68/EEB (1. liður X.

SECTORAL ANNEX
on Electrical Safety

1. Purpose

- 1.1 The purpose of this Annex is to establish a framework for the acceptance of electrical products through the recognition of conformity assessment carried out by bodies which comply with the requirements of another Party, while maintaining the integrity of the safety system in each of the Parties.
- 1.2 This Annex also sets out procedures for the recognition of:
 - a) Conformity Assessment Bodies (CABs) in Canada by the EEA EFTA States; and
 - b) CABs in each of the EEA EFTA States by Canada.

2. Scope and Coverage

- 2.1 For access to the EEA EFTA States: The safety of electrical equipment falling within the scope of the Low Voltage Directive [LVD] (Council Directive 73/23/EEC of 19 February 1973 (EEA Agreement, Annex II, Chapter X, point 1) as amended by 93/68/EEC (EEA Agreement, Annex II,

- kafla II. viðauka við EES-samninginn, undirlið aukið við með ákvörðun nr. 7/94)).³
- 2.2. Vegna aðgangs í Kanada: Lágspennuraf-föng, þar með talin lækningatæki, sem kanadíska rafmagnslögin fjalla um, nema að því er varðar þær vörur sem eru útilokaðar sérstaklega samkvæmt lágspennutilskipuninni (aðrar en lækningatæki).
- 2.3. Laga- og stjórnsýslufyrirmæli, sem gilda hjá hverjum samningsaðila um sig, eru talin upp í fylgiskjali 1, ásamt eftirlitsyfirvöldum sem bera ábyrgð á rafmagnsöryggi.
- 3. Ábyrg yfirvöld/tilnefningaryfirvöld.**
- 3.1. Yfirvöld, sem um getur í fylgiskjali 2, eru þær stofnanir/opinber yfirvöld sem eru ábyrg fyrir því að tryggja færni og vald samræmismatsstofa til þess að votta að raf-föng á landsvæðum þeirra samræmist kröf-um annars samningsaðila.
- 4. Aðlögunaráfangi.**
- 4.1. Bráðabirgðatilhögunin skal gilda í átján (18) mánuði frá því að samningur þessi um gagnkvæma viðurkenningu öðlast gildi.
- 4.2. Markmiðið með aðlögunaráfangnum er að veita ábyrgum yfirvöldum/tilnefningaryfirvöldum tækifæri til þess að vekja tiltrú og skapa skilning með tilliti til aðferða hvers annars við viðurkenningu samræmismatsstofa og á getu þessara stofa til þess að fara með umboð sín. Farsæl endalok aðlögunaráfangans ættu að leiða til ákvörðunar ábyrgra yfirvalda þess efnis að útnefndar samræmismatsstofur séu í samræmi við gildandi viðmiðanir og hæfar til þess að stunda starfsemi á sviði samræmismats sem hinn samningsaðilinn eða hinir samningsaðilarnir, er í hlut á eða eiga, sætta sig við.
- 4.3. Meðan á aðlögunaráfangnum stendur er yfirvöldunum heimilt að kosta sameiginlega tvær málstofur, aðra í Kanada og hina í tengslum við sambærilegar málstofur sem Evrópubandalagið kann að kosta, um viðeigandi kröfur á sviði tækni og samþykki.
- Chapter X, point 1, indent added by Decision No 7/94)).³
- 2.2 For access to Canada: Low voltage electrical equipment, including medical devices, covered by the Canadian Electrical Code, except for those products specifically excluded under the LVD (other than medical devices).
- 2.3 The legislative, regulatory and administrative requirements applicable in each Party and the regulatory authorities responsible for electrical safety are listed in Attachment 1.
- 3. Responsible/Designating Authorities**
- 3.1 Authorities set out in Attachment 2, are those organizations/public authorities responsible for assuring the competence and the control of CABs to certify electrical equipment in their territories to the requirements of another Party.
- 4. Transition Phase**
- 4.1 The transitional arrangements shall operate for a term of eighteen (18) months from the time this MRA enters into force.
- 4.2 The purpose of the transition phase is to provide the Responsible/Designating Authorities with an opportunity to build confidence and understanding of each other's procedures for recognizing CABs and in the ability of those bodies to carry out their mandates. Successful completion of the transition phase should result in the determination by the Responsible Authorities that nominated CABs comply with the applicable criteria and are competent to conduct conformity assessment activities acceptable to the other Party or Parties concerned.
- 4.3 During the transition phase, the authorities may jointly sponsor two seminars, one in Canada and one in conjunction with such seminars as may be sponsored by the EC, concerning the relevant technical and product approval requirements.

³ Flokkar tækjabúnaðar og fyrirbæra utan gildissviðs lágspennutilskipunarinnar eru: rafbúnaður til notkunar í sprengihættustöðum, rafbúnaður til geislalækninga og læknisfræðilegra nota, rafmagnshlutar fyrir vöru- og fólkslyftur, rafmagnsmælur, tengiþráir og innstungur til heimilisnota, stýribúnaður fyrir rafgirðingar, rafsegul-rafmagnstruflanir, sérhæfður rafbúnaður til notkunar í skipum, loftförum eða járnbrautum í samræmi við öryggisákvæði sem alþjóðastofnanir, sem aðildarríkin eru þátttakendur í, setja.

³ The categories of equipment and phenomena outside the scope of the LVD Directive are: electrical equipment for use in an explosive atmosphere; electrical equipment for radiology and medical purposes; electrical parts for goods and passenger lifts; electricity meters; plugs and socket outlets for domestic use; electric fence controllers; radio-electrical interferences; specialized electrical equipment for use on ships, aircraft or railways, which complies with the safety provisions drawn up by international bodies in which Member States participate.

5. Framkvæmd aðlögunaráfangans.

5.1. Meðan á aðlögunaráfanganum stendur skulu kanadískar samræmismatsstofur staðfesta prófunarskýrslur og tengd skjöl sem útnefndar samræmismatsstofur á hinu landsvæðinu gefa út. Að því er varðar samræmismatsstofur EFTA-ríkjanna innan EES skulu þær uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) vera þátttakandi í áætlun Alþjóðaraf-tækninefndarinnar (IEC) um alheims-fyrirkomulag samræmisprófana og vottunar raffanga (IECEE) vegna viðurkenningar niðurstaðna prófana gagnvart stöðlum um öryggi raffanga [áætlun um vottunarstofur (CB-áætlun)] samkvæmt fyrirkomulagi Alþjóðaraftækninefndarinnar um prófanir á samræmi við staðla um öryggi raffanga (IECEE), samanber skilgreiningu í IECEE-skjali 02/1992-05; eða
- b) hafa samning við vottunarstofnun, sem staðlaráð Kanada hefur faggilt, um fullgildinguna prófunargagna.

5.2. Meðan á aðlögunaráfanganum stendur munu samræmismatsstofur EFTA-ríkjanna innan EES:

- a) prófa hvort vörur standist kanadískar kröfur;
- b) gefa út heildarsafn skjala um prófanir og mat (þ.e. matsgögn og -skýrslur) sem framleiðanda prófaðra vara ber að senda vottunarstofnun í Kanada.

5.3. Kanadískar vottunarstofnanir skulu tryggja:

- a) að þær upplýsi umsækjandann og viðkomandi samræmismatsstofu EFTA-ríkjanna innan EES nákvæmlega og á fullkominn hátt um sérhvern annmarka;
- b) að þær takmarki óskir um viðbótarupplýsingar eða -sýni við vanrækslu, ósamkvæmni eða frávik frá tæknireglugerðunum eða -stöðlum; og
- c) að vottun fari fram í samræmi við gildandi aðferðir, þar með talin notkun merkis þeirra.

6. Samræmismerking.

6.1. Meðan á aðlögunaráfanganum stendur skal sameiginlega nefndin þróa, fyrir alla aðila, ásættanlegt fyrirkomulag og verklag, sem ber að nota við merkingu vara sem flytja á

5. Operation of the Transition Phase

5.1 During the transition phase, Canadian CABs shall accept test reports and related documents issued by nominated CABs in the other Territory. For the CABs of the EEA EFTA States, they must satisfy the following requirements:

- a) be a participant in the International Electrotechnical Commission (IEC) Scheme of the IECEE for Recognition of Results of Testing to Standards for Safety of Electrical Equipment [Certification Bodies (CB) Scheme] under the IEC System for Conformity Testing to Standards for Safety of Electrical Equipment (IECEE) as defined in IECEE Document 02/1992-05; or

- b) have a contractual arrangement for acceptance of test data with a Certification Organization accredited by the Standards Council of Canada.

5.2 During the transition phase, the CABs of the EEA EFTA States will:

- a) test products to Canadian requirements;
- b) issue a comprehensive testing and evaluation file (i.e. assessment data, reports) for submission by the manufacturer of the tested products to a Certification Organization in Canada.

5.3 Canadian Certification Organizations shall ensure that:

- a) they inform the applicant and the EEA EFTA CAB concerned in a precise and complete manner of any deficiency;
- b) they limit any request for additional information or samples to omissions, inconsistencies or variances from the technical regulations or standards; and
- c) certification is done on the basis of existing procedures, including the application of their mark.

6. Marking of Conformity

6.1 During the transition phase, the Joint Committee shall develop mutually acceptable mechanisms and procedures for marking of products to be exported to Canada in

út til Kanada, í því skyni að gefa til kynna að vörurnar samræmist kanadískum kröfum. Slíkar merkingar skulu vera á forræði samræmismatsstofa sem ábyrg yfirvöld/tilnefningaryfirvöld viðurkenna, gera kleift að grafast fyrir um viðkomandi vöru, veita neytendum nægjanlegar upplýsingar og eigi verða til þess að þeim verði ruglað saman við aðrar samræmismerkingar. Að því er varðar aðgang að mörkuðum EFTA-ríkjanna innan EES gildir CE-merkingin.

7. Framkvæmdaáfangi.

7.1. Meðan á framkvæmdaáfanganum stendur munu samningsaðilar koma á fullri og gagnkvæmri viðurkenningu niðurstaðna samræmismats eins og krafist er samkvæmt löggjöf hvers og eins. Samræmismatsstofur, sem ábyrg yfirvöld/tilnefningaryfirvöld viðurkenna, skulu haga starfsemi sinni sem hér greinir:

- a) að því er varðar aðgang að mörkuðum EFTA-ríkjanna innan EES:

komi upp efasemdir um vöru í samræmi við lágspennutílskipunina skal hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig líta á skýrslu, sem kanadísk samræmismatsstofa, sem er viðurkennd samkvæmt samningi þessum, tekur saman, sem ígildi skýrslu sem tilkynnt evrópsk stofa tekur saman.
- b) að því er varðar aðgang að markaði í Kanada:

samræmismatsstofur EFTA-ríkjanna innan EES munu hljóta faggildingingu í samræmi við viðmiðanir Staðlaráðs Kanada (SCC) vegna faggildingar vottunarstofa sem eru viðurkenndar í Kanada og verður gefið út faggildingarvottorð þeim til handa. Eftirtalin skilyrði eru talin jafngilda fyrrnefndum tilskildum viðmiðunum:

 - i) staðfesting á viðhlítandi frammi-stöðu meðan á aðlögunaráfanganum stendur; og
 - ii) faggilding evrópskrar faggildingarstofu í samræmi við gildandi og viðeigandi leiðbeiningar ISO/IEC sem eru lagaðar að kanadískum og evrópskum skilyrðum um faggildingingu vottunarstofnana; og
 - iii) vitnisburður um leiðir til þess að fylgja vottunarstarfsemi eftir, meðal

order to indicate their conformity with Canadian requirements. Such markings shall be under the control of CABs recognized by the Responsible/Designating Authorities, provide for traceability, give sufficient information to consumers, and not give rise to confusion with other markings of conformity. For access to the markets of the EEA EFTA States, the CE marking shall apply.

7. Operational Phase

7.1 During the operational phase, the Parties will proceed to full mutual recognition of results of conformity assessment activities, as required under their respective legislation. CABs recognized by the Responsible/Designating Authorities shall operate as follows:

- a) For access to the markets of the EEA EFTA States:

If a product is challenged under the LVD, a report drawn up by a Canadian CAB recognized under this Agreement shall be considered by each of the EEA EFTA States as if it were a report drawn up by a European notified body.
- b) For access to the Canadian market:

CABs from the EEA EFTA States will be accredited in accordance with Standards Council of Canada (SCC) criteria for accreditation of certification bodies recognized in Canada and will be issued a Certificate of Accreditation. The following conditions are deemed to be equivalent to those prescribed criteria:

 - i) Evidence of satisfactory performance in the transition phase; and
 - ii) Accreditation by a European accreditation organization according to applicable and relevant ISO/IEC Guides adapted to Canadian and European conditions for accreditation of certification organizations; and
 - iii) Evidence of procedures for follow-up of certification activities includ-

annars ábending um hvaða tengiliði ber að grípa til aðgerða gegn framleiðendum vara ef nauðsyn krefur.

- 7.2. Samningsaðilar munu hvetja til þess að gerðir verði gagnkvæmir samningar um viðurkenningu milli evrópsku faggildingarstofanna og Staðlaráðs Kanada.
- 7.3. Eftir að framkvæmdaáfanginn tekur gildi verður viðbótarsamræmisstofum aukið við í samræmi við reglurnar sem eru settar fram í rammasamningnum og þessum viðauka.
- 8. Takmarkað gildissvið eða neitun um viðurkenningu að því er varðar vottun.**
- 8.1. Samræmisstofa kann, að framkominni beiðni þar um, að verða krafín um að leggja fram skjalfesta staðfestingu í því skyni að greiða fyrir flutningi úr aðlögunaráfanga yfir í framkvæmdaáfanga.
- 8.2. Komi fram tillaga, meðan aðlögunaráfanginn stendur yfir eða í lok hans, þar sem farið er fram á það við ábyrg yfirvöld/tilnefningaryfirvöld að þau takmarki gildissvið viðurkenningar tilnefndrar samræmisstofu eða eyði henni úr skránni um faggiltar/tilnefndar stofur, í samræmi við málsmeðferðina sem er lýst í rammasamningnum, skal grundvallá slíka tillögu á hlutlægum forsendum og leggja hana, studda skjalgægum gögnum með viðhlítandi hætti, fyrir sam-eiginlegu nefndina.
- 8.3. Samræmisstofu, sem hefur hlotið takmarkaða viðurkenningu eða verið neitað um viðurkenningu, er heimilt að sækja um að verða endurmetin eftir að úrbætur hafa verið gerðar á starfsemi hennar.
- 9. Vottunarstarfsemi fylgt eftir.**
- 9.1. Yfirvöld hjá hverjum samningsaðila (sjá fylgiskjöl 1 og 2) viðhalda rétti til þess að véfengja frammistöðu samræmisstofa sem starfa í tengslum við viðfangsefni þessa viðauka. (Yfirvöld hjá einum samningsaðila geta, að framlagðri rökstuddri beiðni þar um, óskað eftir að fá afhent eintak af vottunarskýrslunni sem er tekin saman að kröfu þeirra á landsvæði samningsaðilans sem er útflytjandi. Láta ber fyrrnefnda skýrslu í té tafarlaust og án endurgjalds.)
- 9.2. Samræmisstofur skulu hafa tiltæka aðgerðaáætlun, sem vottunarskjólstaðingar

ing the identification of a contact point who shall be responsible for initiating action with manufacturers of the products when necessary.

- 7.2 The Parties will encourage the establishment of mutual recognition agreements between the European accreditation organizations and the SCC.
- 7.3 Following the entry into force of the operational phase, the inclusion of additional CABs will be done in accordance with the rules set out in the Framework Agreement and in this Annex.
- 8. Limited Scope or Denial of Recognition for the Purposes of Certification**
- 8.1 Upon request, a CAB may be required to provide additional documentary evidence to facilitate its passage from the transitional to the operational phase.
- 8.2 In the event that a proposal is made during, or at the end of the transition phase, requesting a responsible/designating authority to limit the scope of recognition of any designated CAB or to exclude it from the list of bodies accredited/designated, in accordance with the procedures outlined in the Framework Agreement, such a proposal shall be based on objective reasons and shall be properly documented in writing to the Joint Committee.
- 8.3 A CAB which has been granted limited recognition or has been denied recognition, may apply for re-evaluation after corrective action has been taken.
- 9. Follow Up of Certification Activities**
- 9.1 The Authorities in each Party (see Attachments 1 and 2) retain the right to question the performance of CABs operating in the context of this Annex. (Upon reasoned request, the Authorities in one Party may request a copy of the certification report prepared to its requirements in the territory of the exporting Party. This report shall be provided promptly and without charge.)
- 9.2 CABs shall have in place a plan of action with their certification clients, for enabling

þeirra hafa á takteinum og gerir kleift að fjarlægja af sölusvæðum vörur sem samræmast ekki settum kröfum eða eru hættulegar. Í áætluninni skal bent á tengilið sem er ábyrgur fyrir því að grípa til aðgerða gagnvart framleiðendum þeirra vara sem um ræðir.

10. Sameiginleg nefnd um rafmagnsöryggi.

- 10.1. Sameiginlega nefndin, sem er stofnsett samkvæmt samningnum um gagnkvæma viðurkenningu, skal skipa sameiginlega nefnd um rafmagnsöryggi (JESG).
- 10.2. Í rafmagnsöryggisnefndinni sitja fulltrúar frá Kanada og EFTA-ríkjunum innan EES.
- 10.3. Rafmagnsöryggisnefndin getur tekið til meðferðar mál er varða Kanada eða hvaða EFTA-ríki innan EES sem er og skal enginn samningsaðili hafna beiðni annars um að taka slík mál fyrir.
- 10.4. Rafmagnsöryggisnefndin getur gefið út til-mæli til sameiginlegu nefndarinnar er varða málefni sem fulltrúar, annaðhvort Kanada eða hvaða EFTA-ríkis innan EES sem er, bera upp.
- 10.5. Rafmagnsöryggisnefndin setur sér starfs-reglur og tekur ákvarðanir og samþykkir tilmæli sín með samhljóða samþykki hlut-aðeigandi samningsaðila. Að samhljóða samþykki standa Kanada annars vegar og EFTA-ríkin innan EES hins vegar sem eiga beinna hagsmuna að gæta í því máli sem er til umfjöllunar.

the withdrawal of non-conforming or hazardous products from the market place. That plan shall identify a contact point who shall be responsible for initiating action with manufacturers of the products in question.

10. Joint Electrical Safety Group

- 10.1 The Joint Committee established under the Mutual Recognition Agreement shall appoint a Joint Electrical Safety Group (JESG).
- 10.2 The Group shall consist of representatives from Canada and from the EEA EFTA States.
- 10.3 The Group may review issues of concern to Canada or any one of the EEA EFTA States and no one shall refuse a request by the other to address such issues.
- 10.4 The Group may issue recommendations to the Joint Committee regarding concerns raised by the representatives of either Canada or any one of the EEA EFTA States.
- 10.5 The Group shall establish its own rules of procedures, and take its decisions and adopt its recommendations by consensus of the Parties concerned. The consensus will be determined by Canada, on the one hand, and by the EEA EFTA States that are directly concerned by the matter under discussion.

Fylgiskjal 1.
Laga- og stjórnsýslufyrirmæli og
eftirlitsyfirkvöld
(viðvíkjandi liðum 2.3 og 9.1).

EFTA-ríkin innan EES.

Tilskipun ráðsins 73/23/EEB (1. liður X. kafla II. viðauka við EES-samninginn) með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun ráðsins 93/68/EEB (1. liður X. kafla II. viðauka við EES-samninginn, undirlið aukið við með ákvörðun nr. 7/94).

Attachment 1
Legislative, Regulatory and Administrative
Requirements and Regulatory Authorities
(Re Articles 2.3 and 9.1)

The EEA EFTA States

Council Directive 73/23/EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter X, point 1) as amended by Council Directive 93/68/EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter X, point 1, indent added by Decision No 7/94).

Kanada.

Framkvæmd kanadísku rafmagnslaganna, eins og vísað er til þeirra í fylkis-/svæðislöggjöfnni, er á forræði eftirtalinna fylkis-/svæðisbundinna eftirlitsyfirvalda:

Alberta:

Lög um öryggismál (The Safety Codes Act)
Lög samþykkt af löggjafarþingi Alberta 1991, kafli S-0.5

Stjórnardeild Alberta um þjónustu á sviði atvinnu, tækni og öryggis (Alberta Department of Labour, Technical and Safety Services)

Breska Kólumbía:

Lög um rafmagnsöryggi (Electrical Safety Act), 109. kafli

Reglugerð um rafmagnsöryggi (Electrical Safety Regulation)

B.C. Reg 253/96

Stjórnardeild um málefni sveitarfélaga og húsnæðismál (Ministry of Municipal Affairs & Housing)

Manitoba:

Vatnslög Manitóba frá 1976 (The Manitoba Hydro Act, 1976)

Fylkisreglugerðir nr. 126-94 (Provincial Regulations 126-94), breytt í september 1995

Vatnsstofnun Manitóba (Manitoba Hydro)

Nýja-Brúnsvík:

Lög um raflagnir og rafmagnseftirlit (The Electrical Installation and Inspection Act)

84-165 Almenna reglugerðin

82-215 Reglugerð um varnir með tilliti til lýsingar (The Lighting Protection Regulation)

Stjórnardeild um framhaldsmenntun og atvinnu- mál (Department of Advanced Education and Labour)

Nýfundnaland:

Lög um almannaöryggi (Public Safety Act)

Rafmagnsreglugerðir frá 1996 (Electrical Regulations, 1996)

Stjórnardeild um opinbera þjónustu og landsvæði (Department of Government Services and Lands)

Norðvesturlandsvæðin:

Rafmagnsvarnarlögin (Electrical Protection Act)

R.S.N.W.T. 1988, C.E-3

Stjórnardeild um opinberar framkvæmdir og þjónustu (Department of Public Works and Services)

Canada

The Canadian Electrical Code as referenced in the provincial/territorial legislation is under the responsibility of the following provincial/territorial Regulatory Authorities:

Alberta:

The Safety Codes Act,
Statutes of Alberta, 1991, Chapter S-0.5

Alberta Department of Labour, Technical and Safety Services

British Columbia:

Electrical Safety Act, Chapter 109

Electrical Safety Regulation,

B.C. Reg 253/96

Ministry of Municipal Affairs & Housing

Manitoba:

The Manitoba Hydro Act, 1976

Provincial Regulations 126-94 amended in September 1995

Manitoba Hydro

New Brunswick:

The Electrical Installation and Inspection Act

84-165 The General Regulation

82-215 The Lighting Protection Regulation

Department of Advanced Education and Labour

Newfoundland:

Public Safety Act

Electrical Regulations, 1996

Department of Government Services and Lands

Northwest Territories:

Electrical Protection Act,

R.S.N.W.T. 1988, C.E-3

Department of Public Works and Services

Nóvaskótía:

Lög um raflagnir og rafmagnseftirlit (The Electrical Installation and Inspection Act)
Stjórnardeild Nóvaskótía um atvinnumál (Nova Scotia Department of Labour)

Nova Scotia:

The Electrical Installation and Inspection Act
Nova Scotia Department of Labour

Ontaríó:

Lög um orkufyrirtæki (The Power Corporation Act)
Endurskoðuð lög samþykkt af löggjafarþingi Ontaríó 1990,
Kafli P18, III. liður
Reglugerð Ontaríó nr. 612-94
Vatnsstofnun Ontaríó (Ontario Hydro)

Ontario:

The Power Corporation Act,
Revised Statutes of Ontario, 1990,
Chapter P18, Section III
Ontario Regulation 612-94
Ontario Hydro

Prince Edward-eyja:

Lög um rafmagnseftirlit (The Electrical Inspection Act)
Reglugerðir við lögin um rafmagnseftirlit (The Electrical Inspection Act Regulations)
Stjórnardeild um samfélagsmál og fylkislögmaður (Department of Community Affairs and Attorney General)

Prince Edward Island:

The Electrical Inspection Act
The Electrical Inspection Act Regulations
Department of Community Affairs and Attorney General

Kvíbekk:

Lög um raflagnir (Loi sur les installations électriques, L.R.Q.), kafli I-13.01
Reglugerð um raflagnir (Règlement sur les installations électriques), I-13.01, R. 3
Rafmagnslög Kvíbekk (Code de l'électricité du Québec)
Stjórnardeild byggingarmála í Kvíbekk (Régie du bâtiment du Québec)

Québec:

Loi sur les installations électriques, L.R.Q., Chap. I-13.01
Règlement sur les installations électriques, I-13.01, R. 3
Code de l'électricité du Québec
Régie du bâtiment du Québec

Saskatchewan:

Lög um rafmagnseftirlit frá 1993 (The Electrical Inspection Act, 1993)
Reglugerðir um rafmagnseftirlit (Electrical Inspection Regulations)
Orkustofnun Saskatchewan (SaskPower)

Saskatchewan:

The Electrical Inspection Act, 1993
Electrical Inspection Regulations
SaskPower

Júkon:

Rafmagnsvarnarlögin (The Electrical Protection Act)
Rafmagnsvarnarlög nr. OIC 1992-017 (OIC 1992-017 Electrical Protection Act)
Reglugerðir Júkon-fylkis (Yukon Regulations)
Stjórnardeild Júkon-fylkis um samfélagsþjónustu og samgöngur (Yukon Department of Community and Transportation Services)

Yukon:

The Electrical Protection Act
OIC 1992-017 Electrical Protection Act
Yukon Regulations
Yukon Department of Community and Transportation Services

**Fylgiskjal 2.
Tilnefningaryfirvöld.**

Rafmagnsöryggisvið

1. Yfirvöld sem annast tilnefningu samræmis-
matsstofa samkvæmt samningi þessum eru:
- a) Í EFTA-ríkjunum innan EES:
Ísland:
Iðnaðarráðuneytið
Liechtenstein:
Ríkisstjórn Liechtenstein⁴
Noregur:
Ráðuneyti málefna sveitarstjórna og svæða-
þróunar
(Ministry of Local Government and Regional
Development)
- b) Í Kanada
- Staðlaráð Kanada, konunglegt alríkisfyr-
irtæki sem var komið á fót með lögum
löggjafans árið 1970 (lögunum var breytt
1996).

4 Ríkisstjórn furstadæmisins Liechtenstein ber réttur til þess að útnefna viðeigandi sérstakar innlendar stjórnsýslu-
stofnanir til þess að tilnefna samræmismatsstofur síðar
meir.

**VIÐAUKI UM EINSTÖK SÉR SVIÐ
sem fjallar um skemmtibáta.**

- 1. Gildissvið og umfang.**
- 1.1. Viðauki þessi gildir um alla skemmtibáta,
meðal annars einkabáta, sem skulu sæta
samræmismati eða hljóta samþykki af hálfu
óháðrar samræmismats- eða samþykktar-
stofu í einhverju EFTA-ríkjana innan EES
eða Kanada.
- 1.2. Viðeigandi löggjöf hvers samningsaðila um
sig sker úr um það við hvaða vörur er átt,
sem eru:
- a) að því er varðar EFTA-ríkin innan EES:
„skemmtibátar“, samanber skilgrein-
ingu í 1. gr. tilskipunar 94/25/EB (1.
liður XXXI. kafla II. viðauka við EES-
samninginn);
- b) að því er varðar Kanada: „skemmti-
bátar“, samanber skilgreiningu í 2. lið
kanadísku siglingalaganna, endurskoð-
uð lög samþykkt af löggjafarþingi Kan-
ada, kafli S-9, með áorðnum breyt-
ingum.
- 1.3. Samningsaðilar samþykkja að gagnkvæm
viðurkenning fari fram samkvæmt þessum
viðauka með hliðsjón af því fyrirkomulagi
sem hér greinir:

**Attachment 2
Designation Authorities**

Electrical Safety Sector

1. The Authorities responsible for the designa-
tion of conformity assessment bodies under
this agreement are:
- a) For the EEA EFTA States
Iceland
Ministry of Industry
Liechtenstein
The Government of Liechtenstein⁴
Norway
Ministry of Local Government and Regional
Development
- b) For Canada
- The Standards Council of Canada, a
Federal Crown corporation established by
an Act of Parliament in 1970 (amended
in 1996).

4 The Government of the Principality of Liechtenstein is
entitled to appoint appropriate specific national adminis-
tration bodies as designators of conformity assessment
bodies at a future date.

**SECTORAL ANNEX
on Recreational Craft**

- 1. Scope and Coverage**
- 1.1 This Annex applies to all recreational craft,
including personal watercraft, which are
subject, in any of the EEA EFTA States or
in Canada, to a conformity assessment or
approval procedure by an independent con-
formity assessment or approval body.
- 1.2 The product coverage shall be as deter-
mined by the relevant legislation of each
Party, which is:
- a) for the EEA EFTA States: “Recreational
craft” as defined in Article 1 of Directive
94/25/EC (EEA Agreement, Annex II,
Chapter XXXI, point 1),
- b) for Canada: “Pleasure craft” as defined in
Section 2 of the Canada Shipping Act,
Revised Statutes of Canada 1985, Ch S-
9, as amended.
- 1.3 Parties agree that mutual recognition will
operate under this Annex according to the
following arrangements:

- a) að því er varðar mat með tilliti til krafna hvers EFTA-ríkis innan EES um sig munu samræmismatsstofur, sem Kanada tilnefnir, útbúa samræmisvottorð í samræmi við ákvæði tilskipunar 94/25/EB (1. liður XXXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn). Hlutaðeigandi EFTA-ríki innan EES mun viðurkenna fyrrnefnd vottorð án þess að þær vörur, sem þau gilda um, verði metnar frekar;
- b) að því er varðar samþykki með tilliti til krafna Kanada munu samræmismatsstofur, sem hvert EFTA-ríki innan EES um sig tilnefnir, gefa út vottorð fyrir viðkomandi vöru í samræmi við kröfurnar, sem eru settar fram í reglugerðum um smábáta, og gefa út viðeigandi samræmisskilti og önnur nauðsynleg skjöl. Heimilt er að setja vörur, sem eru vottaðar með fyrrgreindum hætti, á markað í Kanada án þess að þær sæti frekari samþykkismeðferð.
- 2. Laga- og stjórnsýslufyrirmæli.**
- 2.1. Að því er varðar EFTA-ríkin innan EES eru kröfurnar settar fram í: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/25/EB frá 16. júní 1994 (1. liður XXXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn) um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um skemmtibáta.
- 2.2. Að því er varðar Kanada eru kröfurnar settar fram í: reglugerðum um smábáta sem um getur í útgáfu samgönguráðuneytis Kanada (Transport Canada) #TP1332; smíðastöðlum fyrir smábáta, meðal annars einkabáta eins og þeir eru skilgreindir í og vottaðir með tilliti til ISO/DIS 13590.
- 3. Yfirvöld sem annast tilnefningu samræmismatsstofa eins og samræmismatsstaðlaeiningar segja fyrir um.**
- 3.1. Í EFTA-ríkjunum innan EES: Stjórnsýslustofnanir aðildarríkjanna eða þeir aðilar sem eru tilnefndir í fylgiskjali 1.
- 3.2. Í Kanada: Kanadíska strandgæslan.
- a) for evaluation against the requirements of each EEA EFTA State, conformity assessment bodies designated by Canada will establish certificates of compliance according to the provisions of Directive 94/25/EC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XXXI, point 1). These certificates will be recognized in the EEA EFTA State concerned without any further assessment of the products to which they relate;
- b) for approval to Canadian requirements, conformity assessment bodies designated by each EEA EFTA State will certify the product according to the requirements set out in Small Vessel Regulations, and issue the appropriate compliance plates and other required documentation. Products so certified may be placed on the Canadian market without undergoing any further approval procedures.
- 2. Legislative, Regulatory and Administrative Requirements**
- 2.1 For the EEA EFTA States, the requirements are found in: Directive 94/25/EC of the European Parliament and of the Council of 16 June 1994 (EEA Agreement, Annex II, Chapter XXXI, point 1) on the approximation of the laws, regulations and administration provisions of the member states relating to recreational craft.
- 2.2 For Canada, the requirements are found in: Small Vessel Regulations referenced in Transport Canada's Publication #TP1332; Construction standards for small vessels which includes personal watercraft as defined by and certified to ISO/DIS 13590.
- 3. Authorities responsible for Designating the Conformity Assessment Bodies as specified by Conformity Assessment Modules**
- 3.1 For the EEA EFTA States: Member States Administrations or entities as indicated in Attachment 1.
- 3.2 For Canada: Canadian Coast Guard.

4. Hvernig tilnefna ber samræmismatsstofur.

4.1. Hver samningsaðili um sig mun, að því er varðar þennan viðauka, tilnefna lögbærar samræmismatsstofur sem skulu framkvæma samræmismat og annast um samþykki með tilliti til krafna hins samningsaðilans er í hlut á. Tilnefningin fer fram í samræmi við verklagsreglurnar sem eru settar fram í ramma-samningnum um gagnkvæma viðurkenningu. Í fylgiskjali 2 er að finna skrá um tilnefndar samræmismatsstofur, ásamt upplýsingum um þær vörur og aðferðir sem þær hafa verið tilnefndar vegna.

4.2. Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES hins vegar mun samþykkja að samræmismatsstofurnar samræmist þeim kröfum sem hinn samningsaðilinn gerir vegna slíkra stofa.

Um er að ræða:

a) Að því er varðar EFTA-ríkin innan EES er litið svo á að stofur, sem eru tilkynntar stofur í samræmi við tilskipun 94/25/EB (1. liður XXXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn), samræmist kanadískum kröfum;

„tilkynnt stofa“ er, að því er varðar EFTA-ríkin innan EES, þriðji aðili sem hefur umboð til þess að vinna verk á sviði samræmismats sem eru tilgreind í tilskipun 94/25/EB (1. liður XXXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn) og hlutaðeigandi EFTA-ríki innan EES hefur tilnefnt úr hópi stofa sem heyra undir lögsögu þess. Hin tilkynnta stofa er hæf, eins og tilskilið er, til þess að uppfylla kröfum sem mælt er fyrir um í tilskipun 94/25/EB og hefur verið tilkynnt til viðkomandi yfirvalda EFTA-ríkjanna innan EES er í hlut eiga og til stjórnarskrifstofu EFTA.

b) Að því er varðar Kanada skulu verklagsreglur og viðmiðanir fyrir tilnefningu samræmismatsstofa samræmast viðeigandi ákvæðum tilskipunar 94/25/EB (1. liður XXXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn).

5. Bráðabirgðatilhögun.

5.1. Gert er ráð fyrir að bráðabirgðatilhögun gildi í 18 mánuði áður en viðauki þessi kemur til framkvæmda. Á þessu aðlögunartímabili mun Kanada annars vegar og EFTA-ríkin innan EES hins vegar:

4. Procedures for Designating Conformity Bodies

4.1 For the purpose of this Annex, each Party will designate competent Conformity Assessment Bodies to carry out conformity assessment and approvals to the requirements of the other Party concerned. Such designation will be carried out according to the procedures set out in the Mutual Recognition Framework Agreement. A list of designated Conformity Assessment Bodies, together with the products and procedures for which they have been designated, is in Attachment 2.

4.2 Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, will accept that the designated Conformity Assessment Bodies comply with the requirements for such bodies established by the other Party. These are:

a) For the EEA EFTA States, bodies which are Notified Bodies in accordance with Directive 94/25/EC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XXXI, point 1), are deemed to be in compliance with Canadian requirements;

A “Notified Body” for the EEA EFTA States is a third party authorized to perform the conformity assessment tasks specified in Directive 94/25/EC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XXXI, point 1), which has been appointed by the EEA EFTA State concerned from the bodies falling within its jurisdiction. The Notified Body has the necessary qualifications to meet the requirements laid down in Directive 94/25/EC and has been notified to the appropriate authorities of the EEA EFTA States concerned and to the EFTA Secretariat.

b) For Canada, the procedures and criteria for designation of Conformity Assessment Bodies shall comply with the relevant provisions of Directive 94/25/EC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XXXI, point 1).

5. Transitional Arrangement

5.1 There will be a transitional arrangement of 18 months prior to the operation of this Annex. During this transitional period, Canada, on the one hand, and the EEA EFTA States, on the other, will:

- a) skiptast á upplýsingum um og stuðla að betri þekkingu á ákvæðum laga og reglna hvers og eins; og
- b) hrinda í framkvæmd breytingum á sviði stefnumiða, löggjafar og stjórnsýslu sem eru nauðsynlegar vegna ákvæða þessa viðauka.

6. Viðbótarákvæði.

- 6.1. Samningsaðilar skulu tryggja, í samræmi við viðeigandi ákvæði rammisamningsins um gagnkvæma viðurkenningu, að nöfn tilkynntra stofnana eða samræmismatsstofa hvers og eins séu ávallt fyrirbyggjandi og munu, með reglubundnum hætti, láta í té upplýsingar um útgefin vottorð í því skyni að greiða fyrir eftirliti að lokinni markaðssetningu.
- 6.2. Samningsaðilar vekja athygli á að ákvæði viðaukanna um rafföng og rafsegulsviðsamhæfi gilda, að því marki sem kröfur vegna rafmagnsöryggis eða rafsegulsviðsamhæfis gilda um vörur sem þessi viðauki um einstök sérsvið fjallar um.

- a) exchange information on, and develop greater familiarity with, their respective regulatory requirements; and
- b) carry out the policy, legislative and regulatory changes necessary for the provisions of this Annex.

6. Additional Provisions

- 6.1 In accordance with the relevant provisions of the Mutual Recognition Framework Agreement, the Parties shall ensure the continued availability of the names of their respective Notified Bodies or Conformity Assessment Bodies, and will regularly supply details of certifications issued in order to facilitate post-market surveillance.
- 6.2 The Parties note that, to the extent that requirements for electrical safety or electromagnetic compatibility apply to products covered by this Sectoral Annex, the provisions of the Sectoral Annexes on Electrical Equipment and Electromagnetic Compatibility shall apply.

Fylgiskjal 1. Tilnefningaryfirvöld.

Í EFTA-ríkjunum innan EES: Stjórnsýslustofnanir aðildarríkjanna eða aðilar sem teknar verða ákvarðanir um.

Ísland:
Samgönguráðuneytið

Liechtenstein:
Ríkisstjórn Liechtenstein⁵

Noregur:
Ráðuneyti málefna barna og fjölskyldna

Í Kanada:
Kanadíska strandgæslan

Attachment 1 Designating Authorities

For the EEA EFTA States: Member States Administrations or entities to be determined.

Iceland:
Ministry of Transport

Liechtenstein:
The Government of Liechtenstein⁵

Norway:
Ministry of Children and Family Affairs

For Canada:
Canadian Coast Guard

⁵ Ríkisstjórn furstadæmisins Liechtenstein ber réttur til þess að útnefna viðeigandi sérstakar innlendar stjórnsýslustofnanir til þess að tilnefna samræmismatsstofur síðar meir.

⁵ The Government of the Principality of Liechtenstein is entitled to appoint appropriate specific national administration bodies as designators of conformity assessment bodies at a future date.

Fylgiskjal 2.
Tilnefndar samræmismatsstofur.

EFTA-ríkin innan EES:

Tilnefndar stofur, sem hvert EFTA-ríki innan EES um sig hefur tilkynnt um, en nöfn þeirra og tilvísunarnúmer hafa verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

Kanada:

Verða ákveðnar síðar.

Attachment 2
Designated Conformity Assessment Bodies

EEA EFTA States:

Notified bodies which have been notified by each EEA EFTA State, and whose names and reference numbers have been published in the Official Journal of the European Communities.

Canada:

To be determined.

VIÐAUKI UM EINSTÖK SÉRSVIÐ
sem fjallar um vottun þess að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir við framleiðslu lyfjavara/lyfja.

1. Tilgangur.

1.1. Kanada og EFTA-ríkin innan EES hafa þróað þennan viðauka um einstök sérsvið sem fjallar um vottun þess að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir við framleiðslu lyfjavara/lyfja og er viðauki við samninginn um gagnkvæma viðurkenningu, í því skyni að:

- a) efla tvíhliða samstarf á sviði eftirlits;
- b) koma á gagnkvæmri viðurkenningu vottunar þess að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir og staðfestingu framleiðsluheimilda/-leyfa sem yfirvöld, sem tiltekið er að séu jafngild eftir að aðgerðum til þess að vekja tiltrú er farsælega lokið, gefa út;
- c) þróa aðstöðu fyrir varanleg samskipti/samráð milli kanadískra eftirlitsyfirvalda og eftirlitsyfirvalda hvers EFTA-ríkis innan EES um sig í því skyni að gera fyrirnefndum yfirvöldum kleift að skera úr um og viðhalda jafngildi áætlana um að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir.

2. Almenn atriði sem hafa ber í huga.

2.1. Sá grundvöllur, sem samningur um gagnkvæma viðurkenningu vottunar þess að

SECTORAL ANNEX
on Medicinal Products/Drug, Good Manufacturing Practices (GMP), Compliance Certification

1. Purpose

1.1 This Mutual Recognition Agreement (MRA) Sectoral Annex on Good Manufacturing Practices (GMP) Compliance Certification pertaining to medicinal products / drugs has been developed by Canada and the EEA EFTA States to:

- a) enhance bilateral regulatory cooperation;
- b) establish mutual recognition for GMP compliance certification and acceptance of Manufacturing Authorizations/Licences directly issued by the authorities designated equivalent after the successful completion of a confidence building exercise;
- c) develop an infrastructure for on-going communications/consultations between the Regulatory Authorities of Canada and of each EEA EFTA State to enable regulators to determine and maintain the equivalency of their GMP compliance programmes.

2. General Considerations

2.1 The underlying premise behind a MRA for GMP compliance certification is that it can

- góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir er reistur á, er að unnt sé að sýna fram á að Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkja innan EES um sig hins vegar vinni eftir jafngildum áætlunum um að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir og því sé útgáfa kanadísks yfirvalds eða yfirvalds hvaða EFTA-ríkis innan EES sem er á vottorði vegna framleiðsluheimildar/-leyfis, þar sem staðfest er að starfsstöð viðhafi góða framleiðsluhætti, sú nauðsynlega staðfesting sem hinn samningsaðilinn, er í hlut á, þarf til þess að samþykkja að starfsstöðin sé í samræmi með tilliti til framleiðslu/eftirlits með lyfjavörum/lyfjum eða gefa út hliðstætt vottorð um framleiðsluheimild/-leyfi. Sá skilningur skal ríkja að „jafngildur“ merki ekki „eins“ en merki sömu útkomu.
- 2.2. Staðfesting yfirvalds á vottorði um framleiðsluheimild/-leyfi, sem hitt yfirvaldið gefur út, er háð því að aðgerðum til þess að vekja tiltrú sé farsællega lokið og mati á árangri hennar. Aðeins er unnt að staðfesta vottun yfirvalda sem vinna eftir áætlunum um að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir (nefna má stuðningsgrunnvirki ákvæða laga og reglna, staðla, vinnsluferli og gæðakerfi) sem viðurkennt er með gagnkvæmum hætti að séu jafngildar.
- 2.3. Viðaukinn um einstök sérsvið, sem fjallar um góða framleiðsluhætti lyfjavara/lyfja, hvílir á þremur stöðum:
- hugmyndinni um áætlun um að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir (viðbætur 4);
 - áætlun um gagnkvæma aðvörun (viðbætur 5);
 - aðlögunartímabili, þegar meðal annars er leitast við að vekja tiltrú (viðbætur 6).
3. **Gildissvið og umfang.**
- 3.1. Ákvæði þessa viðauka munu gilda um allar lyfjavörur/lyf sem hafa farið í gegnum framleiðsluferli, eitt eða fleiri hvert eftir annað, (t.d. tilbúning, endurpökkun, merkingu, prófun, heildsölu) í Kanada og EFTA-ríki innan EES og kröfur um góða framleiðsluhætti gilda um í lögsögu beggja. Viðurkenning takmarkast við framleiðsluferlið eða -ferlin sem varan fer í gegnum og er háð skoðun á viðkomandi landsvæðum samningsaðilanna.
- 3.2. Viðauki þessi um einstök sérsvið getur
- be demonstrated that Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, have equivalent GMP compliance programmes, and therefore the issuance of a Certificate of Manufacturing Authorization/Licence by an authority of Canada or of any one of the EEA EFTA States certifying that a facility is in compliance with GMPs, would be all the evidence required by the other Party concerned to accept that facility as being in compliance for manufacturing/control of medicinal/drug products or to issue a similar Certificate of Manufacturing Authorization/Licence. It should be understood that equivalent does not mean identical but it does mean leading to the same result.
- 2.2 The acceptance by an authority of a Certificate of Manufacturing Authorisation/Licence issued by the other authority will depend on the successful completion of a confidence building exercise and on an evaluation of its results. Only certification by authorities with GMP compliance programmes (including the supporting infrastructure of regulatory requirements, standards, processes, and quality systems, etc.) mutually recognized as equivalent will be accepted.
- 2.3 The Sectoral Annex on Medicinal Products /Drug GMP is built on three pillars:
- the concept of a GMP compliance programme (Appendix 4);
 - a “two-way” alert system (Appendix 5);
 - a transition period including a confidence building exercise (Appendix 6).
3. **Scope and Coverage**
- 3.1 The provisions of this Annex will cover all medicinal products/drugs which have undergone one or a series of manufacturing process(es) (e.g., fabrication, repackaging, labeling, testing, wholesaling activities) in Canada and in an EEA EFTA State, and to which GMP requirements apply in both jurisdictions. Recognition will be limited to the manufacturing process(es) carried out and subject to inspections in the respective territories of the Parties.
- 3.2 This Sectoral Annex may also apply, on a

einnig gilt, að eigin ákvörðun viðkomandi aðila, um vörur sem lög eins samningsaðila gilda um en ekki annars, samþykki hlutað-eigandi yfirvöld það.

3.3. Umfang með tilliti til vara skal vera það er lög hvers samningsaðila um sig kveða á um. Í 1. viðbæti eru lög tilgreind og þar er einnig að finna viðmiðunarskrá um viðkomandi vörur.

3.4. Í góðum framleiðsluháttum felst, að því er varðar þennan viðauka, með hvaða hætti framleiðandinn fær í hendur forskriftir vörunnar og/eða vinnsluferli frá handhafa markaðssetningarheimildar/kenninúmers lyfs eða nytjaleyfis eða umsækjanda og í þeim felst trygging fyrir því að varan sé framleidd í samræmi við forskriftirnar (jafngildir vottun viðurkennds aðila í EFTA-ríkjunum innan EES).

Góðir framleiðsluhættir eru sá hluti gæðatryggingar sem gerir víst að vörur séu stöðugt framleiddar, og með því fylgst að þær séu, í samræmi við gæðastaðla:

- a) sem eiga við um fyrirhugaða notkun þeirra; og
- b) sem krafa er gerð um samkvæmt markaðssetningarheimildinni eða vöruforskriftunum og samkvæmt úthlutunaraðferð kenninúmers lyfs eða nytjaleyfisins.

3.5. Samningsaðili mun framkvæma vöru- og vinnsluskoðanir að beiðni annars samningsaðila. Að því er varðar skoðanir áður en samþykki er veitt fellst Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar á að þau skiptist á skýrslum um skoðun áður en samþykki er veitt að því marki sem nauðsyn krefur samkvæmt lögum og reglum samningsaðilans, sem er innflytjandi, að því er tekur til málsmeðferðar hvers um sig með tilliti til samþykkis vara.

3.6. Lokasamþykkt fyrir lífræn lyfefni frá einni framleiðslulotu til annarrar er útilokuð frá samningi þessum.

4. Trúnaðarkvaðir.

4.1. Hver samningsaðili um sig mun gæta þess að óopinberar trúnaðarupplýsingar um mál-efni tæknilegs, viðskiptalegs og vísindalegs eðlis séu ekki birtar opinberlega, meðal annars viðskiptaleyndarmál og einkamál viðkomandi aðila sem annar samningsaðili lætur í té.

voluntary basis, to products covered by the legislation of one Party but not of another if agreed to by the Authorities concerned.

3.3 The product coverage shall be as determined by the relevant legislation of each Party. The Appendix 1 names the legislation and contains an indicative list of products concerned.

3.4 For the purpose of this Annex, GMP includes the system whereby the manufacturer receives the specifications of the product and/or process from the Marketing Authorization (MA)/drug identification number (DIN) or licence holder or applicant and ensures the product is made in compliance with the specifications (equivalent to Qualified Person certification in the EEA EFTA States).

The GMP is that part of quality assurance which ensures that products are consistently produced and controlled to the quality standards:

- a) appropriate to their intended use, and
- b) required by the MA or product specifications and by assignment procedure of the DIN or the Licence.

3.5 Product or process oriented inspections will be carried out by one Party at the request of another Party. For pre-approval inspections, Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, agree to exchange pre-approval inspection reports to the extent required under the importing Party's laws and regulations, for the purpose of their respective product approval procedures.

3.6 Lot-to-lot release for biologicals is excluded from this Agreement.

4. Confidentiality

4.1 Each Party will protect from public disclosure any non-public confidential technical, commercial and scientific information, including trade secrets and proprietary information that is provided by another Party.

4.2. Hver samningsaðili um sig áskilur sér rétt til þess að birta opinberlega niðurstöður samræmismats, meðal annars niðurstöður skoðunarskýrslna sem annar samningsaðili lætur í té, þegar aðstæður skapast sem geta haft áhrif á öryggi almannaeilbrigðis.

5. Stjórnunaraðferðir.

5.1. Sameiginlegri sérsviðanefnd verður komið á fót í því skyni að annast framkvæmd þessa viðauka um einstök sérsvið. Sameiginlega sérsviðanefndin mun taka ákvörðun um eigin samsetningu og setja sér starfsreglur. Hlutverki nefndarinnar er lýst í viðbæti 3. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar sem starfa við áætlun heilbrigðismálaráðuneytis Kanada um lækningavörur og fulltrúar eftirlitsyfirvalda hlutaðeigandi EFTA-ríkis innan EES. Formennsku í nefndinni, sem er sameiginleg, gegnir fulltrúi Kanada annars vegar og fulltrúi EFTA-ríkjanna innan EES hins vegar.

6. Lausn ágreinings.

6.1. Ágreiningi, sem yfirvöldin hafa ekki leyst sín á milli, verður vísað til sameiginlegu sérsviðanefndarinnar til lausnar. Sé sameiginlega sérsviðanefndin ófær um að leysa fyrrnefndan ágreining getur Kanada eða eitthvert EFTA-ríkjanna innan EES lagt málið fyrir sameiginlegu nefndina.

7. Aðlögunartímabil.

7.1. Tímarammi.

Tímabil aðgerða til þess að vekja tiltrú hefst við undirritun samningsins um gagnkvæma viðurkenningu og þess er vænst að því ljúki innan 18 mánaða.

7.2. Áætlun um að vekja tiltrú.

Sameiginlega sérsviðanefndin mun, í upphafi aðlögunartímabilsins, semja sameiginlega áætlun um að vekja tiltrú. Þegar áætlunin kemur til framkvæmda verður unnt að skera úr um hæfi yfirvalds hvers samningsaðila um sig til þess að standa að vottun þess að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir (leiðbeiningar veittar í viðbæti 6).

7.3. Fjárhagsáætlun.

Sérhver aðili að samningnum um gagnkvæma viðurkenningu er ábyrgur fyrir kostnaði vegna þátttöku sinnar í athöfnum sem miða að því að vekja tiltrú.

4.2. Each Party reserves the right to make public the results of any conformity assessment, including the conclusions of inspection reports, provided by another Party, in situations in which public health safety may be affected.

5. Management Mechanisms

5.1. A Joint Sectoral Group will be established for the purposes of the management of this Sectoral Annex. The Joint Sectoral Group will establish its composition and determine its own rules and procedures. Its role is described in Appendix 3. The Group will include representatives of the Therapeutic Products Programme in Health Canada, and of the relevant EEA EFTA State Regulatory Authorities. It will be co-chaired by a representative of Canada, on the one hand, and a representative of the EEA EFTA States, on the other.

6. Resolution of Divergent Views

6.1. Divergent views which have not been resolved between the authorities will be referred to the Joint Sectoral Group for resolution. In the case of inability of the Joint Sectoral Group to resolve these divergent views, Canada or any one of the EEA EFTA States may bring the matter to the attention of the Joint Committee.

7. Transition Period

7.1. Time Frame

The confidence building period will commence upon the signing of the MRA and is expected to be completed within 18 months.

7.2. Confidence Building Programme

At the beginning of the transitional period, the Joint Sectoral Group will elaborate a Joint Confidence Building Programme. The implementation of this programme will permit the determination of the capability of each Party's Authority to perform GMP compliance certification (guidance provided in Appendix 6).

7.3. Budget

Each of the Parties to the MRA will be responsible for the costs of its participation in the confidence building activities.

7.4. Stjórnsýslufyrirmæli.

Lyfjavörur/lyf frá framleiðslustöðum, sem eru vel þekktir af því að uppfylla kröfur um samkvæmni í landi samningsaðilans sem er innflytjandi og hafa verið færðir í skrá um viðurkennda framleiðslustaði, verða undanþegin kröfum um að próf verði endurtekin. Sameiginlega sérsviðanefndin mun taka skrána saman.

7.5. Lok aðlögunartímabils.

7.5.1. Í lok aðlögunartímabilsins mun sameiginlega sérsviðanefndin gera sameiginlega úttekt á jafngildi og nothæfi samkvæmniáætlana þátttökuyfirvaldanna (viðbæti 2).

7.5.2. Þau yfirvöld, sem vinna samkvæmt áætlunum sem úrskurðað er að jafngildi ekki áætlun hins samningsaðilans, er í hlut á, um að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir, verða ekki talin upp í viðbæti 2 í lok aðlögunartímabilsins. Tillögur um að takmarka viðurkenningu þess að yfirvald sé jafngilt eða um að útiloka skráningu þess í viðbæti 2 skulu byggðar á hlutlægum viðmiðunum og skjalfestum sönnunum.

7.5.3. Heimilt er að skrá yfirvöld í umræddan viðbæti með tilliti til framleiðsluferla í sérflokki (t.d. lífræn lyfefni, geislavirk lyf). Yfirvöld, sem hafa verið útilokuð (eða ekki skráð með tilliti til tiltekins framleiðsluferlis), geta sótt um að staða þeirra verði endurmetin eftir að úrbætur hafa verið gerðar.

8. Framkvæmdaáfangi.8.1. Almenn ákvæði.

8.1.1. Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkanna innan EES um sig hins vegar samþykkir að hver samningsaðili um sig muni, að því er varðar lyfjavörur/lyf sem þessi viðauki um einstök sérsvið fjallar um, viðurkenna lyktir áætlunarinnar um að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir, sem hinn samningsaðilinn, er í hlut á, framkvæmir á landsvæði sínu, og videigandi vottorð vegna framleiðsluheimildar/-leyfis sem yfirvöld hins samningsaðilans, er í hlut á, sem eru talin upp í viðbæti 2 og metin jafngild, láta í té. Hinn samningsaðilinn, er í hlut á, mun auk þess við-

7.4 Administrative provision

Medicinal products/drugs from manufacturing sites with a good track record of compliance in the importing Party, and that have been placed on a list of qualified sites, will be exempted from retesting requirements. The list will be developed by the Joint Sectoral Group.

7.5 End of Transitional Period

7.5.1 At the end of the transitional period, the Joint Sectoral Group will proceed to a joint evaluation of the equivalency and capabilities of the compliance programmes of the participating Authorities (Appendix 2).

7.5.2 Those determined as not being equivalent to the GMP compliance programme of the other Party concerned will not be listed in Appendix 2 at the end of the transitional period. Proposals to limit the recognition of the equivalence of an authority or exclude it from Appendix 2 should be based on objective criteria and documented evidence.

7.5.3 Authorities may be placed in this Appendix for specific categories of manufacturing processes (e.g., biologicals, radiopharmaceuticals). Excluded Authorities (or not included for a given manufacturing process) may apply for re-consideration of their status once the necessary corrective measures have been taken.

8. Operational Phase8.1 General provisions

8.1.1 Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, agree that, for medicinal products/drugs covered by this Sectoral Annex, each Party will recognize the conclusions of the GMP compliance programme carried out by the other Party concerned in its territory, and the relevant Certificates of Manufacturing Authorizations/Licences granted by the deemed equivalent authorities of the other Party concerned listed in Appendix 2. In addition, the certification by the manufacturer on the conformity of each batch will be recognized by the

- urkenna vottun framleiðandans viðvíkjandi samræmi hværrar framleiðslueiningar án endurtekens eftirlits við innflutning.
- 8.1.2. Framleiðendur, sem eru staðsettir í Kanada eða í EFTA-ríki innan EES og heyrja undir yfirvald sem er ekki skráð í viðbæti 2, geta óskað þess að eitthvert þeirra yfirvalda, sem eru talin upp í viðbæti 2, framkvæmi skoðun. Hinn aðilinn eða aðilarnir, er í hlut eiga, munu viðurkenna framleiðslueininguna og samkvæmnivottorðið, sem eru gefin út samkvæmt þessari aðferð, að því tilskildu að seinna sé unnt að tryggja jafngilda málsmeðferð við framfylgd gagnvart viðkomandi starfstöð ef um samkvæmni er ekki að ræða.
- 8.1.3. Staðbundin, lögbær skoðunarþjónusta, sem er reiðubúin til þess að skoða viðkomandi framleiðslustarfsemi, skal, að því er varðar lyfjavörur/lyf, sem lyfjalöggjöf samningsaðilans, sem er innflytjandi, fjallar um, framkvæma skoðun með tilliti til góðra framleiðsluhátta í eigin landi, ef við á, eða, sé ekki um sérstakar kröfur um góða framleiðsluhætti að ræða, með tilliti til góðra framleiðsluhátta sem í gildi eru hjá þeim samningsaðila sem er innflytjandi. Þetta á einnig við þegar talið er að góðir framleiðsluhættir, sem gilda á viðkomandi stað, jafngildi ekki góðum framleiðsluháttum samningsaðilans, sem er innflytjandi, með tilliti til gæðatryggingar fullunninna vara.
- Ákvæði þetta getur einnig átt við um framleiðanda virkra lyfjafræðilegra innihaldsefna, lyfja á millistigi í framleiðslu og vara til notkunar í klínískum prófunum.
- 8.1.4. Þau yfirvöld, sem viðaukinn fjallar um, eru ábyrg fyrir því að tryggt sé að eftirlitsyfirvöldum hins samningsaðilans eða -aðilanna, sem í hlut eiga, sé tilkynnt án tafar þegar framleiðsluheimild er numin tímabundið úr gildi eða afturkölluð (að öllu leyti eða að hluta) sem gæti haft áhrif á vernd almannaheilbrigðis, samanber skilgreiningu í áætlun um gagnkvæma aðvörun.
- Samningsaðilar munu gera samkomulag sín á milli um tengiliði sem geri yfirvöldum og framleiðendum kleift að upplýsa yfirvöld hins samningsaðilans eða
- other Party concerned without re-control at import.
- 8.1.2 Manufacturers located in Canada or an EEA EFTA State whose relevant authority is not listed in Appendix 2 or is not included for the relevant category manufacturing processes may ask that an inspection be carried out by any of the authorities listed in Appendix 2. The batch and the compliance certificates issued according to this procedure will be recognized by the other Party or Parties concerned provided that equivalent enforcement procedures against that facility can be subsequently ensured in case of non-compliance.
- 8.1.3 With respect to medicinal products/drugs covered by the pharmaceutical legislation of the importing Party but not the exporting one, the locally competent inspection service willing to carry out an inspection of the relevant manufacturing operations shall inspect against its own GMPs if relevant, or, in the absence of specific GMP requirements, against the applicable GMPs of the importing Party. This will also be the case when the locally applicable GMPs are not considered equivalent, in terms of quality assurance of the finished products, to the GMPs of the importing Party.
- This provision may also apply to the manufacturer of active pharmaceutical ingredients, intermediate products, and products intended for use in clinical trials.
- 8.1.4 It will be the responsibility of the authorities covered by the Annex to ensure that any suspension or withdrawal (total or partial) of a manufacturing authorization, which could affect the protection of public health, is communicated immediately to the Regulatory Authorities of the other Party or Parties concerned as defined in the “two-way” alert programme.
- Contact points will be agreed between the Parties to permit authorities and manufacturers to inform the authorities of the other Party or Parties concerned with the

-aðilanna sem í hlut eiga, eins skjótt og tilefnið býður, þegar um er að ræða gæðaskort, afturköllun framleiðslueininga, sviknar vörur og önnur vandamál viðvíkjandi gæðum sem gætu kallað á viðbótar- eftirlit með þeirri vöru sem um ræðir eða tímabundna stöðvun dreifingar hennar.

8.1.5. Vottun framleiðenda.

Yfirvöld, sem annast útgáfu vottorða um framleiðsluheimildir/-leyfi og hafa yfirumsjón með framleiðslu lyfjavara/lyfja, munu, að beiðni útflytjanda, innflytjanda eða yfirvalds hins samningsaðilans er í hlut á, votta að þeir staðir, þar sem framleiðsla og/eða eftirlit fer fram:

- a) hafi viðeigandi heimild til þess að framleiða viðkomandi lyfjavöru/lyf og/eða hafa eftirlit með henni/því og gera viðeigandi aðgerðir sem tilgreindar eru;
- b) séu skoðaðir reglulega af yfirvöldum; og
- c) séu í samræmi við kröfur um góða framleiðsluhætti sem Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar viðurkennir að séu jafngildar.

Framleiðslustaður eða -staðir verða einnig tilgreindir í vottorðum um framleiðsluheimildir/-leyfi. Dæmigert vottorð af þessu tagi er sýnt í viðbæti 7.

Gefa ber út vottorð um framleiðsluheimildir/-leyfi tafarlaust og skal slík útgáfa fara fram innan 30 almanaksdaga. Heimilt er að lengja þennan tíma í 60 almanaksdaga í tilvikum þegar nauðsynlegt er að framkvæma skoðun að nýju.

8.1.6. Vottun framleiðslueininga.

Hverri framleiðslueiningu um sig mun fylgja framleiðslueiningarvottorð sem framleiðandinn gefur út (framleiðandinn vottar sjálfur) að undangenginni þátt- og magnbundinni allsherjargreiningu allra virkra innihaldsefna í því skyni að tryggja að eiginleikar varanna samræmist kröfum sem eru gerðar vegna heimildar til markaðssetningar/samþykkis vöru.

Framleiðandinn mun, samfara útgáfu fyrrnefnds vottorðs, taka mið af ákvæðum gildandi áætlunar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um vottun sem fjallar

appropriate speed in case of quality defect, batch recalls, counterfeiting and other problems concerning quality, which could necessitate additional controls or suspension of the distribution of the product.

8.1.5 Certification of manufacturers

At the request of an exporter, an importer or of an Authority of the other Party concerned, the authorities responsible for granting Certificates of Manufacturing Authorizations/Licences and for the supervision of the manufacture of medicinal products/drugs will certify that the sites used for manufacture and/or control:

- a) are appropriately authorized to manufacture and/or control the relevant medicinal product/drug or to carry out the relevant specified operations,
- b) are regularly inspected by the authorities, and
- c) comply with the GMP requirements recognized as equivalent by Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other.

The Certificates of Manufacturing Authorization/Licence will also identify the site(s) of manufacture. An example of such a certificate is attached at Appendix 7 for illustrative purposes.

Certificates of Manufacturing Authorisations/Licences will be issued expeditiously, and the time taken should not exceed 30 calendar days. In cases when a new inspection has to be carried out, this period may be extended to 60 calendar days.

8.1.6 Batch certification

Each batch exported will be accompanied by a batch certificate issued by the manufacturer ("self certification") after a full qualitative and quantitative analysis of all active constituents to ensure that the quality of the products complies with the requirements of the Marketing Authorization/Product Approval.

When issuing this certificate, the manufacturer will take into account the provisions of the current WHO certification scheme on the quality of medicinal prod-

um eiginleika lyfjavara/lyfja sem verslað er með á alþjóðavettvangi. Vottorðið er til vitnis um að framleiðslueiningin sé í samræmi við forskriftirnar og hafi verið framleidd í samræmi við viðeigandi heimild til markaðssetningar/samþykki vöru og í því er gerð ítarleg grein fyrir forskriftum vörunnar, þeim greiningaraðferðum sem vísað er til, fengnum greiningarmiðurstöðum, jafnframt því sem lýst er yfir því að skýrslur um vinnslu framleiðslueiningarinnar og pakkingu hafi verið yfirfarnar og reynst vera í samræmi við góða framleiðsluhætti.

Sá sem er ábyrgur fyrir því að setja framleiðslueininguna í sölu eða að útvega hana undirritar framleiðslueiningarvottorðið. Í EFTA-ríkjunum innan EES er vísað til viðurkennds/viðurkenndra aðila í 21. gr. tilskipunar 75/319/EBE (3. liður XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn) og í Kanada er útnefndur aðili, sem annast gæðaeftirlit við framleiðslu, sá sem tilgreindur er í lið C.02.014 (1) í 2. hluta reglugerðanna um matvæli og lyf.

8.1.7. Gjöld.

Fyrirkomulag vegna skoðunar-/leyfisgjaldaldrar fer eftir staðsetningu framleiðanda. Áætlanir um endurheimt kostnaðar og gjöld vegna útgáfu framleiðsluheimilda/-leyfa í hverri lögsögu um sig verða áfram á ábyrgð viðkomandi aðila í fyrrnefndri lögsögu.

Samningsaðilar skulu leitast við að tryggja að álögð gjöld vegna þjónustu verði kostnaðartengd og taka mið af viðeigandi kostnaðarþáttum. Láti einn samningsaðili enga þjónustu í té skulu engin gjöld álögð.

8.1.8. Hver samningsaðili um sig áskilur sér rétt til þess að framkvæma eigin skoðun af ástæðum sem hinum samningsaðilanum, er í hlut á, er gerð grein fyrir. Tilkynta ber hinum samningsaðilanum um slíka skoðun fyrirfram og á hann þess kost að taka þátt í skoðuninni. Aðeins skal skírskota til þessa verndarskilmála í undantekningartilvikum.

8.1.9. Ákvörðun þess efnis að nema leyfi tímabundið úr gildi eða afturkalla það er í höndum þess samningsaðila sem gefur það út.

ucts/drugs moving in international commerce. This certificate will attest that the batch meets the specifications and has been manufactured in accordance with the relevant Marketing Authorization/Product Approval, detailing the specifications of the product, the analytical methods referenced, the analytical results obtained, and containing a statement that the batch processing and packaging records were reviewed and found in conformity with GMPs.

The batch certificate will be signed by the person responsible for releasing the batch for sale or supply. In the EEA EFTA States the “qualified person(s)” are referred to in article 21 of Directive 75/319/EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XIII, point 3), and in Canada, the nominated person responsible for manufacturing quality control is as specified in the Food and Drug Regulations, Division 2, Section C.02.014 (1).

8.1.7. Fees

The regime of inspection/establishment licence fees is determined by the location of the manufacturer. The cost recovery programmes and the fees pertaining to the issuance of Manufacturing Authorizations/Licences in each jurisdiction will remain the responsibility of that jurisdiction.

The Parties shall endeavour to ensure that any fees imposed for services will be cost-oriented and take into account relevant cost factors. If no services are rendered by one Party, fees should not be charged.

8.1.8. Each Party reserves the right to conduct its own inspection for reasons identified to the other Party concerned. Such inspections are to be notified in advance to the other Party, which has the option of joining the inspection. Recourse to this safeguard clause should be an exception.

8.1.9. The decision to suspend or revoke a licence will rest with the issuing Party.

8.2. Upplýsingamiðlun.

8.2.1. Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar mun, í samræmi við almenn ákvæði viðaukans um einstök sérsvið, skiptast á öllum nauðsynlegum upplýsingum til þess að unnt sé að skera úr um og viðhalda jafngildi áætlana um að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir. Hlutaðeigandi yfirvöld í Kanada og í hverju EFTA-ríkjanna innan EES um sig munu auk þess upplýsa hvert annað um nýjar tæknileiðbeiningar, skoðunarferðir eða breytingar á skipulagningu (nefna má: leiðbeiningarskjöl, útgáfur vísana til staðla, eyðublöð, skjöl viðvirkandi beitingu lagaákvæða). Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar mun hafa samráð við hinn samningsaðilann eða -aðilana, áður en það samþykkir fyrirnefndar breytingar, í því skyni að tryggja áframhaldandi jafngildi áætlana um að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir. Mál verða tekin upp innan sameiginlegu sérsviðanefndarinnar.

8.2.2. Hlutaðeigandi skoðunarþjónusta (-þjónustur) skal, að framlagðri rökstuddri beiðni þar um, framsenda eintak af síðustu skýrslu um skoðun framleiðslu- eða eftirlitsstaðar sé um það að ræða að greiningarstarfsemi sé boðin út. Beiðnin getur varðað „heildarskoðunarskýrslu“ eða „sundurliðaða skýrslu“. „Heildarskoðunarskýrslu“ tekur til dagbókar framleiðslustaðar (sem framleiðandi heldur eða skoðunarstofa) og munnlegrar skýrslu skoðunarstofu. „Sundurliðuð skýrsla“ svarar tilteknum spurningum hins samningsaðilans, er í hlut á, um viðkomandi fyrirtæki. Samningsaðilar munu sjá til þess að slíkar sundurliðaðar skýrslur séu framsendar innan mest 30 almanaksdaga eða 60 almanaksdaga fari ný skoðun fram.

8.3. Gagnkvæmt aðvörunarkerfi.

8.3.1. Sameiginlega sérsviðanefndin mun tryggja að skilvirk og gagnkvæmt aðvörunarkerfi sé ávallt tiltækt. Frumþáttum kerfisins er lýst í viðbæti 5.

8.3.2. Yfirvöldin, sem viðaukinn fjallar um, bera ábyrgð á því að tryggt sé að tímabundið afnám eða ógilding samkvæmni-

8.2 Information Sharing

8.2.1 In accordance with the general provisions of the Sectoral Annex, Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, will exchange all information necessary to determine and maintain the equivalence of GMP compliance programmes. In addition, the relevant authorities in Canada and in each of the EEA EFTA States will keep each other informed of all new technical guidance, inspection procedures, or changes in regulation (these include: guidance documents, publications of references to standards, forms, documents relating to the application of legal requirements). Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, will consult the other Party or Parties before adopting these changes to ensure the continued equivalency of the GMP compliance programmes. Concerns will be raised to the Joint Sectoral Group.

8.2.2 Upon reasoned request, the relevant inspection service(s) shall forward a copy of the last inspection report of the manufacturing or control site, in case analytical operations are contracted out. The request may concern a “full inspection report” or a “detailed report”. A “full inspection report” comprises a Site Master File (compiled by the manufacturer or by the inspectorate) and a narrative report by the inspectorate. A “detailed report” responds to specific queries about a firm by the other Party concerned. Parties will ensure that such inspection reports are forwarded in no more than 30 calendar days, this period being extended to 60 calendar days should a new inspection be carried out.

8.3 Two-way Alert System

8.3.1 The Joint Sectoral Group will ensure that an efficient and effective “two-way” alert system is in place at all times. Elements of such a system are described in Appendix 5.

8.3.2 It shall be the responsibility of the authorities covered by the Annex to ensure that any suspension or cancellation (total or

vottunar (að öllu leyti eða að hluta) sé tilkynnt hinum yfirvöldunum, er í hlut eiga, án tafar.

- 8.3.3. Kanada annars vegar og hvert EFTA-ríkjanna innan EES um sig hins vegar skal tilkynna hinum yfirvöldunum, er í hlut eiga, um sérhverja staðfesta skýrslu um vandkvæði, um úrbætur eða afturköllun sem tengist vörum sem falla undir gildissvið þessa viðauka um einstök sérsvið. Hver samningsaðili um sig mun svara sérstökum beiðnum um upplýsingar og mun sjá til þess að yfirvöld hafi handbærar viðeigandi upplýsingar sé eftir þeim leitað. Ábendingu um tengiliði er að finna í viðbæti 5.

9. Eftirlit með framkvæmd samningsins.

- 9.1. Stöðugt eftirlit með áætlunum um að góðir framleiðsluhættir séu viðhafðir, sem úrskurðað hefur verið að séu jafngildar í lok þess tímabils þegar aðgerðir til þess að vekja tiltrú stóðu yfir, og síðari ákvarðanir um jafngildi skal fara fram eða skulu teknar samkvæmt áætlun um að viðhalda jafngildi sem er þróuð og stjórnað í sameiningu. Sameiginlega sérsviðanefndin mun annast framkvæmd fyrrnefndrar áætlunar.
- 9.2. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að hafa reglulega samráð sín á milli, undir forsjá sameiginlegu sérsviðanefndarinnar sem er komið á fót samkvæmt þessum viðauka, í því skyni að tryggja áframhaldandi gildi og áreiðanleika þessa viðauka. Kanada og yfirvöld í EFTA-ríkjunum innan EES geta skipulagt fundi til þess að fjalla um sérstök vafaatriði og málefni.
- 9.3. Yfirvöld skulu taka þátt í viðhaldsaðgerðum, sem sameiginlega sérsviðanefndin tekur ákvrörðun um, í því skyni að viðhalda stöðu sinni samanber upptalningu í viðbæti 2.

10. Viðbætar.

- 10.1. Viðbætar 1 og 2 eru óaðskiljanlegir hlutar þessa viðauka um einstök sérsvið.
- 10.2. Í viðbætum 3, 4, 5, 6 og 7 felast almennar leiðbeiningar.

partial) of certification of compliance is communicated immediately to the other relevant authorities.

- 8.3.3 Canada, on the one hand, and each of the EEA EFTA States, on the other, shall notify the other Party concerned of any confirmed problem reports, corrective actions, or recalls related to products covered under the scope of this Sectoral Annex. Each Party will respond to special requests for information and will ensure that authorities make available relevant information, as requested.

Contact points are identified in Appendix 5.

9. Monitoring of The Agreement

- 9.1 The continuous monitoring of the GMP compliance programmes determined to be equivalent at the conclusion of the confidence building period and any subsequent decisions concerning that equivalence must be made according to a mutually developed and managed equivalence maintenance programme. This programme will be managed by the Joint Sectoral Group.
- 9.2 The Parties undertake to hold regular consultations, under the auspices of the Joint Sectoral Group set up under this Annex, to ensure the continued relevancy and accuracy of this annex. Canada and any of the EEA EFTA State authorities may organize meetings to discuss specific questions and issues.
- 9.3 Authorities must participate in maintenance activities, as established under the Joint Sectoral Group, in order to maintain their status as listed in Appendix 2.

10. Appendices

- 10.1 Appendices 1 and 2 constitute integral parts of this Sectoral Annex.
- 10.2 Appendices 3, 4, 5, 6 and 7 are general guidelines.

Viðbætur 1.**1. Skrá um gildandi lög.**

- 1.1. Í EFTA-ríkjunum innan EES:
 tilskipun 65/65 EBE (1. liður XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn) með áorðnum breytingum;
 tilskipun 75/319 EBE (3. liður XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn) með áorðnum breytingum;
 tilskipun 81/851 EBE (5. liður XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn) með áorðnum breytingum;
 tilskipun 91/356 EBE (15. liður XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn) með áorðnum breytingum;
 tilskipun 91/412 EBE (liður 15a í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn, eins og hann er felldur inn með ákvörðun nr. 7/94) með áorðnum breytingum;
 reglugerð (EB) nr. 2309/93⁶;
 tilskipun 92/25/ EBE (liður 15b í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn, eins og hann er felldur inn með ákvörðun nr. 7/94);
 leiðbeiningar um góða starfshætti við dreifingu; og
 gild útgáfa „Leiðbeininga um góða framleiðsluhætti“, IV. bindi reglna um lyfjavörur í Evrópubandalaginu.
- 1.2. Í Kanada:
 lög og reglugerðir um matvæli og lyf (Food and Drugs Act and Regulations);
 lög um heilbrigði dýra og reglugerðir um útgáfu leyfa fyrir efnum úr dýrarkinu (Health of Animals Act and Regulations for the issuance of permits for materials of animal origin).

2. Viðmiðunarskrá um vörur.

Um leið og viðurkennt er að nákvæmar skilgreiningar á lyfjavörum og lyfjum er að finna í löggjöfinni, sem um getur hér að framan, er viðmiðunarskrá um vörur, sem samningurinn fjallar um, birt hér að aftan:

- lyf handa mönnum, þar með talin lyfseðilskyld lyf og lyf sem eru ekki lyfseðilskyld ásamt lyfjagasi;
- lífræn lyfefni handa mönnum, meðal annars bóluæfni, stöðugar lyfjavörur fengnar úr blóði eða blóðvökva úr mönnum, lífræn lækningalyf og ónæmislyf;

⁶ Reglugerð þessi hefur verið tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/99.

Appendix 1**1. List of Applicable Legislation**

- 1.1 For the EEA EFTA States:
 Directive 65/65 EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XIII, point 1) as modified;
 Directive 75/319 EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XIII, point 3) as modified;
 Directive 81/851 EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XIII, point 5) as modified;
 Directive 91/356 EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XIII, point 15) as modified;
 Directive 91/412 EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XIII, point 15a as inserted by Decision No 7/94) as modified;
 Regulation No (EC) 2309/93⁶;
 Directive 92/25/EEC (EEA Agreement, Annex II, Chapter XIII, point 15b as inserted by Decision No 7/94);
 Guide to Good Distribution Practice; and
 Current version of the “Guide To Good Manufacturing Practice”, Volume IV of Rules Governing Medicinal Products in the European Community.
- 1.2 For Canada:
 Food and Drugs Act and Regulations;
 Health of Animals Act and Regulations for the issuance of permits for materials of animal origin.

2. Indicative list of Products

Recognizing that precise definitions of medicinal products and drugs are to be found in the legislation referred to above, an indicative list of products covered by the agreement is given below:

- human pharmaceuticals including prescription and non-prescription drugs, and medicinal gases;
- human biologicals including vaccines, stable medicinal products derived from human blood or human plasma, biotherapeutics, and immunologicals;

⁶ This Regulation has been incorporated into the EEA Agreement by EEA Joint Committee Decision No. 74/99.

- geislavirk lyf handa mönnum;
 - dýralyf, þar með talin lyfseðilskyld lyf og lyf sem eru ekki lyfseðilskyld ásamt forblöndum fyrir gerð lyfjablandaðs dýrafóðurs;
 - þar sem við á, vítamín, steinefni, lyf grasa-lækna og smáskammtalyf; og
